

Endurteknar myndir í kveðskap Bjarna Thorarensens / [af] Þorleifur Hauksson.

Þorleifur Hauksson.

Reykjavík : Heimspékideild Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1968.

<http://hdl.handle.net/2027/wu.89008527657>

HathiTrust



www.hathitrust.org

Creative Commons Attribution

http://www.hathitrust.org/access_use#cc-by-3.0

This work is protected by copyright law (which includes certain exceptions to the rights of the copyright holder that users may make, such as fair use where applicable under U.S. law) but made available under a Creative Commons Attribution license. You must attribute this work in the manner specified by the author or licensor (but not in any way that suggests that they endorse you or your use of the work). Please check the terms of the specific Creative Commons license as indicated at the item level. For details, see the full license deed at <http://creativecommons.org/licenses/by/3.0/>.

P 1
7511
T4
Z9



HEIMSPEKIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS OG
BÓKAÚTGÁFA MENNINGARSJÓÐS

STUDIA ISLANDICA

ÍSLENSK FRÆÐI

RITSTJÓRI:
STEINGRÍMUR J. ÞORSTEINSSON

27. hefti



REYKJAVÍK 1968

STUDIA ISLANDICA

ÍSLENSK FRÆÐI

Útgefandi:

SIGURÐUR NORDAL

1. Einar Ól. Sveinsson: *Sagnaritun Oddaverja* (1937)
2. Ólafur Lárusson: *Ætt Egils Halldórssonar og Egils saga* (1937)
3. Björn Sigfússon: *Um Ljósvetninga sögu* (1937)
4. Sigurður Nordal: *Sturla Þórðarson og Grettis saga* (1938)
5. Björn Þórðarson: *Um dómstörf í Landsyfirréttinum 1811—1832* (1939)
6. Halldór Halldórsson: *Um hluthvörf* (1939)
7. Sigurður Nordal: *Hrafnkatla* (1940)
8. Magnús Jónsson: *Guðmundar saga dýra* (1940)
9. Alexander Jóhannesson: *Menningarsamband Frakka og Íslendinga* (1944)
10. Stefán Einarsson: *Um kerfisbundnar hljóðbreytingar í íslensku* (1949)
11. Björn Þórðarson: *Alþingi og konungsvaldið* (1949)
12. Einar Arnórsson: *Játningar íslensku kirkjunnar* (1951)

STUDIA ISLANDICA

27

HEIMSPEKIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS OG
BÓKAÚTGÁFA MENNINGARSJÓÐS

CLASS SEP. STUDIA ISLANDICA
SERIAL

ÍSLENZK FRÆÐI

Ritstjóri:

STEINGRÍMUR J. ÞORSTEINSSON

27. hefti



REYKJAVÍK 1968

*HEIMSPEKIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS OG
BÓKAÚTGÁFA MENNINGARSJÓÐS*

ÞORLEIFUR HAUSSON

**ENDURTEKNAR MYNDIR
Í KVEÐSKAP
BJARNA THORARENSENS**

STUDIA ISLANDICA 27

REYKJAVÍK 1968

*Gefið út með styrk úr
Sáttmálasjóði*

PRENTSMÍÐJAN LEIFTUR

PT
7511
74
Z9

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Formáli ritstjóra	7
1. Inngangur	9
2. Endurteknar myndir	16
<i>I Myndir kvenlýsinga</i>	16
1. Blómmyndir	16
2. Augnmyndir	19
3. Mjöll	21
4. Freyjukettir, yfirlit	21
<i>II Náttúrumyndir</i>	23
1. Veturinn persónugerður	23
2. Líkamshlutar	27
3. Klæðislíkingar	32
4. Bein líking landslags við konu	33
5. Himinreiðar	34
6. Vegir	35
7. Kristall	35
8. Persónugerving sólar, yfirlit	36
<i>III Mannlífsmyndir</i>	38
1. Líkaminn	38
2. Maðurinn	46
3. Líf, forlög	51
4. Feigð	67
5. Gröfin	71
6. Dauði og eilíft líf, yfirlit	75
<i>IV Ýmsar myndir</i>	81
1. Minning, orðstír	81
2. Tár	83
3. Bólstur	85
4. Gata laga og réttar	85
3. Yfirlit	86
Summary in English	91
Heimildaskrá	95
Studia Islandica – Íslenzk fræði: Efnisskrá	97

FORMÁLI

Það eru nú þrjátíu ár, síðan Sigurður Nordal stofnaði til þessa rit-safns (1937), og var hann útgefandi þess og ritstjóri fyrra helming þess skeiðs, sem það á nú að baki. En þá tók heimspekideild Háskóla Íslands við útgáfunni (1953), og síðar gerðist Bókaútgáfa Menningarsjóðs einnig aðili að henni (1962). Nærri lætur, að út hafi komið eitt hefti á ári að meðaltali, þar sem þetta er 27. talsins, og undanfarið hafa þau komið nokkurn veginn reglubundið árlega. Er ætlunin, að svo verði og fram-vegis. Í þessum 27 heftum hafa birt 33 ritgerðir um íslenzkar bók-menntir, fornar og nýjar, sögu og málfræði eftir 29 höfunda frá 6 lönd-um, sbr. efnisskrána hér í bókarlók.

Upphaflega voru þessar ritgerðir tengdar íslenzkunámi við Háskóla Íslands, þar sem kjarni þeirra voru erindi, er flutt höfðu verið á rann-sóknaræfingum hjá Sigurði Nordal. Síðar hefur verið leitað víðar fanga. Á síðustu árum hafa þó enn verið birtar ritgerðir, sem til eru orðnar við nám eða próf, bæði erlendis frá (25. hefti) og héðan (kandidatsrit-gerðir um kveðskap Stephans G. Stephanssonar í 19. hefti). Ritgerðin í síðasta hefti, *Um Kjalnesinga sögu, nokkrar athuganir*, eftir Helga Guðmundsson, er að stofni samín til fyrra hluta kandidatsprófs í ís-lenzkum fræðum. Svo er einnig um ritgerð þessa heftis, nema hvað hér er miklu minna um viðauka og breytingar frá upphaflegri gerð.

Stílrannsóknir hafa nokkrar verið gerðar á fornþókmennntum okkar, m. a. hafa í þessu ritsafni birt rannsóknir Peters Hallbergs á stíl Snorra og Ólafs hvítaskálds, til höfundagreiningar ófeðraðra verka (í 20. og 22. hefti). En næsta lítið er um könnun á íslenzkum skáldskaparstíl frá síðari öldum. Vill því Studia Islandica stuðla að því að koma slíkum efnum á framfæri. Myndanotkun Bjarna Thorarensens er bæði girnilegt efni í sjálfu sér, og einnig er kveðskapur hans ekki meiri að vöxtum en svo, að dæmasafn getur orðið tæmandi að kalla í tiltölulega stuttri rit-gerð. Vitaskuld má löngum auka á úrvinnslu slíks efnis. En að slepptum góðum athugunum og þeim þróunarferli í myndanotkun Bjarna, sem hér

er víða rakinn, á söfnun og flokkun dæmanna ein saman þann tilveru-
rétt, að af henni má hafa hliðsjón til samanburðar við sams konar stíl-
könnun annarra skálda, og svo er efnið sjálft búið hér í hendur þeim,
sem vildu draga þræðina fastar saman.

Um Bjarna Thorarensen hefur áður verið fjallað í þessu ritsafni, þar
sem er ritgerð Björns Þórðarsonar *Um dómstörf í Landsyfirréttnum*
1811–1832 (5. hefti). Og væntanlega verður efni næsta heftis um ásta-
kveðskap Bjarna og Jónasar.

Háskóla Íslands á gamlársgdag 1967.

Steingrímur J. Þorsteinsson.

1. INNGANGUR

Bjarni Thorarensen fæddist í Brautarholti á Kjalarnesi hinn 30. desember 1786, sonur Vigfúss Þórarinssonar sýslumanns og konu hans, Steinunnar Bjarnadóttur. Þegar Bjarni var á 3. aldursári, fluttist hann með fjölskyldu sinni að Hlíðarenda í Fljótshlíð, þar sem hann ólst upp síðan. Hann fór 15 vetra utan til laganáms við Hafnarháskóla og lauk þaðan embættisprófi 1807. Bjarni annaðist að því loknu m. a. undirbúning útgáfu eddukvæða sem styrkþegi Árnasjóðs. Hann skrifaði upp hetjukvæðin, Völuspá, Hávamál og Rígsþulu, þ. e. öll kvæðin, sem ekki voru í fyrsta bindi frumútgáfunnar, en jafnframt starfaði hann í kanselliinu, þar sem hann hlaut skjótan frama, en sneri út til Íslands aftur 1811. Of langt yrði upp að telja öll embætti hans, en þess má geta, að hann gegndi dómarastörfum við Landsyfirréttinn frá 1811 til 1833, en varð síðan amtmaður norðan lands og austan og bjó á Möðruvöllum í Hörgárdal til dauðadags 1841.

Bernskukveðskapur Bjarna er varðveittur í nokkrum dýrum lausavísum, en sjálfur kveðst hann ekki hafa farið að yrkja að marki, fyrr en að loknu embættisprófi.¹ Haustið 1802, þegar Bjarni kom til Hafnar, markaði tímamót í danskri bókmenntasögu. Það var þá, sem Henrik Steffens tók að flytja fyrirlestra sína við Hafnarháskóla, sem kynntu rómantísku stefnuna á Norðurlöndum. Vitað er, að Bjarni sótti a. m. k. einn þeirra fyrirlestra, og þeir höfðu djúp áhrif á Oehlenschläger, sem var eftirlætisskald hans og það skáld erlent, sem haft hefur mest áhrif á skáldskap Bjarna og skáldskaparstefnu.

1 Bréf til Gríms Thomsens, Skírnir 1918, 286.

Rómantíska stefnan átti sér ekki sízt rætur í umróti frönsku stjórnarbyltingarinnar og hinu gagngera endurmati, sem fylgdi í kjölfar hennar. Steffens var náttúrufræðingur að mennt, en á því sviði höfðu orðið miklar framfarir undangengin ár. Í fyrirlestrum sínum¹ leggur hann í upphafi út af reynslu sinni í náttúruvísindum, deilir á empírísk vinnubrögð og skoðun hins einstaka út af fyrir sig, en heldur því fram á móti að byggja rannsóknir á heildarsýn, inn-sæi í sjálft eðli hinnar „sálu gæddu“ náttúru. Með dæmum úr náttúrurannsóknum sýnir hann fram á, hvernig skipuleggjandi og ákvarðandi andi virðist felast að baki allri starfsemi náttúrunnar. Þessi andi birtist í öllum lífverum og því skýrar sem þær eru margbrotnari að eðli. Jarðnesk fullkomnun hans felst í innsta eðli okkar sjálfra, þar er skilnings helzt að leita. Athugun sögunnar leiðir einnig að þeirri niðurstöðu, að mótandi andi felist að baki. Steffens beinir athyglinni í varðveittum fyrirlestrum sínum helzt að grískri fortíð. Á þeim tíma, segir hann, var þessi heimsmynd lífandi og vakandi í huga fólks. Náttúran var þá skoðuð sem ein sálu gædd vera. Þá höfðu orðin merkingu, skáldskapur og trú voru eitt og hið sama, og dýpstu leyndardóma tilverunnar er að finna í goðsögnum og goðsvörum þess tíma og annarra, sem svipað var ástatt um. Maðurinn er skapaður í guðs mynd; neisti guðdómsins birtist í hæfileikum hans og verkum og nær hámarki í snillingnum.

Geniet er Guddommens egen Straale, der nu og da, glandsfuld bryder ud af Massen, og i klar Harmonie samler, hvad Talentet eensidig adsplitter. Til at bedømme et Genie kan man aldrig bruge Regler, som Tiden give; thi den *er* intet Genie, som ikke rager ud over sin Tid, skaber en nye (op. cit. bls. 173–174).

Áhrif kenninga Steffens og annarra slíkra urðu mikil og margvísleg. Athygli manna beindist að náttúrunni, ekki nyt-

1 Varðveitt er aðeins upphaf fyrirlestranna: Indledning til filosofiske Forelæsninger af Henrich Steffens. Kjöbenhavn 1803.

semð hennar, heldur innsta eðli. Uppreisnin gegn nytsemdarhyggju kom fram í því, að menn dýrkuðu mest stórbrotið, hrikalegt og gersamlega notalaust land, þar sem ímyndunaraflið átti sér tryggt athvarf og uppsprettu. Á sama hátt var þjóðsögum og miðaldaævintýrum, sem höfðu ekki átt upp á pallborðið með hinni upplýstu öld, meiri sómi sýndur, og ný afstaða var tekin til heiðinnar goðafræði og skáldskapar. Norræn fortíð var ekki sízt viðfangsefni skálda í upphafi hinnar nýju stefnu á Norðurlöndum. Augljós er vaxandi áhugi á norrænum fræðum við yfirlestur *Det skandinaviske Litteraturselskabs Skrifter* (1805–1819), þar sem greinar um fornorræn efni og einkum sýnishorn fornra texta skipa sífellt meira rúm, er á liður. Mikil þjóðernisrækt var eitt helzta einkenni rómantísku stefnunnar alls staðar, en hún varð ekki mjög róttæk í þjóðfélagsmálum um þessar mundir, enda hafði Napóleón mikli unnið sigur yfir byltingunni og treysti sig óðum í sessi, en hann féll mjög að hetjuhugsjónum rómantískra manna.

Þetta hefur verið tími mikillar andlegrar vakningar í Kaupmannahöfn, og ekki er erfitt að gera sér í hugarlund viðbrögð íslenzkra stúdenta. Athyglin beindist ekki aðeins að hinum gömlu bókmenntum, heldur einnig að því landi, þar sem þær voru til orðnar. Sjálfur Oehlenschläger orti lofkvæði um Ísland, sem hefst svo:

Island! hellige Øe! Ihukommelsens vældigste Tempel! ¹
(Poet. Skr. I 233–236)

Íslenzkir stúdentar höfðu löngum verið lítills metnir, komnir úr afskekktum og fátækum byggðum og seinir til að semja sig að háttum gestgjafa sinna.² Bjarni ávarpar landið með orðunum: „Þú nafnkunna landið“; þau orð eiga sér ekki

¹ Þess má geta, að eitt kvæði Bjarna ber svipmót þessa kvæðis, *Kvæði á fæðingardegi Friðriks kóngs 6ta*, sbr.: Er ey i Nordens Natur Hekla som Genius størst? (Poet. Skr. I 233).

² Sbr. Bréf I 11–12; hlær að oss heimskinginn / Hafnar-slóð á (Ljóðm. I 27).

eldri hliðstæðu í íslenskum kveðskap. Milli heims upplýsingarmanna og heims Bjarna er djúp staðfest, jafnt í afstöðu til landsfólksins, náttúru og fortíðar. Bjarni lofaði einmitt það, sem t. d. Magnúsi Stephensen þótti minnst til koma. Hann vildi viðhalda sérstöðu Íslands, lofsöng auðnir þess og erfið lífskjör og áhrif harðrar veðráttu til mótnar norræns hetjuanda. Þessi var vettvangur hetjusagnanna, í þessu andrúmslofti var saminn stórbrotnastur skáldskapur.¹ Samanburðurinn við Sjáland er Íslandi í vil, því að hið sviplausa, milda Sjáland hefur alið kveifar, en ekki menn.

Í grein í *Ársriti Fræðafélagsins* I 109–117 fjallar Finnur Jónsson um skáldmál Bjarna og nýmyndanir orða. Hér skulu raktar hinar helztu (stafsetningu breytt skv. útgáfu Jóns Helgasonar).

NAFNORÐ: *heiðhiminn, blátindar, bláfoss, bláhvolf* (himna), *há-jökklar, há-skarir*, há heið, *hvítfaldur, kristalls ár, fagur-reið*, gliturs fat, grástakkur, *gullinhvel, silfurmökkur, ilma-blóm, ilmrósir, læ-skorur*, frerastormur, náheimar, geislalopt.

LÝSINGARORÐ: *rós-fagurt, sólgylltur* (múli), roðagylltur, silfurfjallaður (feldur), íturhvasst (spjót), *fagurfrævaðir* (skógar), *koldimmir* (skógar), *silfurlitur, rauðhvít, rós-fögur* (sól), harðskeytur (álmur), silfurblár (ægir), mjall-litar (konur), náttdöggvaður (næturgali), hrafntinnueygur, nákaldir (norðanvindar), lifleg (morgunstjarna).

Skáletruð eru dæmi úr kvæðum, sem áreiðanlega eru frá Hafnarárunum. Flest orðin geyma náttúruleysingar. Grein Finns er samin til andmæla við formála Einars H. Kvarans framan við útgáfu kvæða Bjarna 1884, en þar segir svo m. a.:

Í stað þess að vera skáld hins sýnilega, í stað þess að leiða myndir fram fyrir augu lesarans, er Bjarni skáld sálarlífsins, skáld mannglegrar sálar, þar sem hún er í

1 Skálda andi Eyvindar, / Egils, Hallfreðs, Sighvatar / brátt þig sýndu og / brjóztu af tinda / bláu mökkva klæði á lopt! / Færðu sóma Fróns um heim / fjöllum hærra og kynntu þeim / at frægir synir / Íslands einir / ólu minning Rögnar hropts (Fyrri gerð *Reiðvísu*, Ljm. II 73).

baráttu við veröldina fyrir utan sig. Þetta kemur skarpast fram í erfiljóðum hans, eins og eðlilegt er (Kvæði 1884 xlv).

Upptalning orðanna hér að framan virðist gefa tilefni til alvarlegrar vefengingar á þessum ummælum. Við nánari athugun kemur hins vegar í ljós, að öll orðin nema eitt, *geisla-lopt*, eru frá fyrri hluta kveðskaparskeiðs Bjarna, fram til 1824, og rúmur helmingur frá Hafnarárunum.

Mikil notkun myndrænna lýsingarorða mun vera rómantískt einkenni. Ég hef gert athugun á fjölda slíkra orða á hverjum tíma í kvæðum Bjarna, sem leiðir í ljós, að notkun þeirra er mest í elztu kvæðunum; má t. d. nefna kvæðin *Skóggangan* og *Sólaruppkoma*. Orðfærið er myndrænna í elztu kvæðum Bjarna, en smám saman verður kveðskapurinn innhverfari að yrkisefni og orðfæri. Þá taka erfiljóðin að skipa helztan sess, en náttúrukvæðum fækkar að sama skapi. Athyglisvert er, að nýmyndanir í *Oddi Hjaltalín*, sem Finnur Jónsson nefnir ekki, eiga við sálarlíf mannsins: *harmafuni*, *eldregn* (tára), *frostrósir feigðar kulda*, *harmahlátrar*, *helblómstur*, *skrípi-tröll*. Arfur sá, er Bjarni bjó að eftir heimkomuna, voru fyrst og fremst eddukvæðin, en einnig kvæði nokkurra erlendra samtíma- og fyrri tíma skálda. En síðan hefur hann þroskzt sjálfstætt frá fyrirmyndum sínum. Þeirra sjást aðeins merki í vali bragarhátta og strjálum orðalagslíkingum, en fyrst og fremst í svipaðri afstöðu, sbr. vetrarmyndir.

Í kvæðum sínum er Bjarni dulur um eigin hag. Hann líkir mótlætinu við veður eða stríða strauma, sem standast verður, lífshugsjón hans er karlmennska, sem býður öllu birginn.¹ En grunnt er víða á viðkvæmninni, eins og sést á kvæðunum *Í marz 1832*, *Bæn*, *Bænarversi* og víðar, þótt á annan hátt sé. Kvæðið *Til konu minnar* er ort af því tilefni, að konu Bjarna hefur dreymt mann sinn ríða bleikum hesti

1 Áfangar II 166.

og óttast, að það sé feigðarboði, en bleikur litur er yfirleitt talinn litur dauðans, sbr. hinn bleika hest Opínberunarbókarinnar. Kvæðið er ort til þess að sefa konuna. Það hefst á innilegu ávarpi og endar í karlmannlegum úrtöllum, en orðalagið kemur upp um það, sem að baki býr. Málið á kvæðum Bjarna er yfirleitt fremur bóklegt, en orðaval þessa kvæðis á sér hvergi hliðstæður nema í niðkvæðunum: *gauð, kauði, aumur, vitur og heimskur lýður*. Trúarefa er hvergi að finna í kvæðunum, þar sem t.d. Matthías Jochumsson orti löng kvæði til þess eins að hreinsa sál sína af öllum efa. En Bjarni bregður vart svo upp mynd líkamans, að hún sé ekki tengd mynd sálarinnar, sem er eilíf og á sér fegurri bústað í vændum. Andstreymi lífsins er bærilegt vegna þess, að það mun bera ávöxt á himnum.

Bent hefur verið á, að Bjarna var gjarnt að endurtaka myndir sínar og líkingar.¹ Hér á eftir mun verða leitast við að flokka slíkar myndir saman og gera grein fyrir þeim í sjálfum sér, stöðu þeirra innan kvæðanna og þróun þeirra samkvæmt því, sem vitað er um aldur einstakra kvæða. Fyrst verða kynnt þau hugtök, sem notuð verða við úrvinnslu verkefnisins.

Mynd nefni ég hvers konar myndræna lýsingu í skáldskap. Myndir geta verið með ýmsu móti, en þær helztu eru fólgnar í *líkingu* tveggja merkingarmiða.² Slíkar myndir (*líkingar*) greinast í fjóra aðalflokka.

Samlíkingar nefnast líkingar með samanburðarorði og aðrar þær, sem fela í sér svipaðan beinan samanburð.

Myndhvörf nefnast líkingar, sem í því eru fólgnar, að orð er notað í nýrri merkingu, sem er að talsverðu leyti framandi venjulegri notkun þess. Tengja þau þannig tvö merk-

1 M. a. Sigurður Nordal, Morgunblaðið á jólum 1935; Kristján Karlsson Ísl. úrv. xvii–xviii; Steingrímur J. Þorsteinsson í háskólafyrirlestrum sínum.

2 Merkingarmið er þýðing enska orðsins *referent*, “whatever we may be thinking of or referring to.” Ogden & Richard, *The Meaning of Meaning*, London 1947, bls. 9 nm.

ingarmið í eitt, hið venjulega merkingarmið orðsins og það, sem orðið er látið vísa til í sambandinu. Myndin yfurfærir, hverfist til nýs hugtakssviðs.

Dæmisögulíkingar eru í því fölgjar, að líkingaratriði eru sett fram sem tvær heilar „myndir“, hvor á eftir annarri, og stoð líkingarinnar felst þá venjulega í skýrandi aðalsetningu.

Það, sem lýst er í líkingu, nefnist hér *stoð* hennar.

Loks verður hér fjallað um fjórðu gerð líkinga, *persónugervingar*, en svo nefnast myndir, sem fela í sér, að ýms-um fyrirbærum er búið manngervi. Persónugervingar geta verið með ýmsum hætti. Þær geta verið myndhvörf, því að eðli myndhvarfa er eining líkingaratriða, en hins vegar getur verið rætt um stoðir persónugervinganna sem þær væru persónur, án þess að myndhvörf komi þar við sögu. Það skal tekið skýrt fram, að líkingar þurfa alls ekki að vera reistar á útlitslíkingu merkingarmiðanna, heldur kunna þær að byggjast á svipaðri afstöðu, sem málnotandi er látinn taka til beggja. Þessar tvær gerðir líkinga nefnast *útlitslíkingar* og *afstöðulíkingar*. Sem dæmi fyrri gerðar má taka þessi tengdu myndhvörf:

og *stjörnu* sjá, þá birtu ber,
á *brúna himni* tindra

Hér er um útlitslíkingu að ræða, sem að nokkru felst í sögninni *tindra*.

og þegar *harma*
björg og vanheilsu
á brjósti hönum lágu

Þessi myndhvörf teljast til afstöðulíkinga; harmarnir þjaka manninn eins og björg, ofurþungi á brjósti.

Hér hefur það ráð verið tekið að flokka myndirnar eftir stoðum þeirra, því sem Bjarni notar myndir til þess að tjá. Innbyrðisskipting hvers flokks fer svo eftir því, hvert myndirnar eru sóttar. Loks er þess að geta, að ég hef lesið yfir öll helztu verk Oehlschlägers fram til 1811 og ennfremur þau verk hans, sem Bjarni vísar til í bréfum sínum eða sækir

til einkunnarorð kvæða sinna í von um að finna þar hliðstæðar myndir. Þær eru skráðar neðanmáls, án þess að tekin sé afstaða til þess, hvort um bein áhrif sé að ræða hverju sinni.

Til grundvallar er lagður texti útgáfu Jóns Helgasonar 1935. Textamismunar er ekki getið, nema hann sé allverulegur og komi við myndirnar sjálfar.

2. ENDURTEKNAR MYNDIR

I Myndir kvenlýsinga

Undir þessa fyrirsögn falla útlitlíkingar, í kvenlýsingum einkum, en þær koma helst fyrir í ástakvæðum og erfiljóðum.

1. Blómmyndir

Þegar ljósar líða um grund
liljum fegri sætur (Sjálaland og Ísland, Ljm. I 7)
er blómlegast andlit
at öllu huldi (Sigtryggur, Ljm. I 21)
og litfagra lokka
um liljuháls flökta¹ (Þýddar vísur, Ljm. I 32)

Í kvæðinu *Til kunningja skáldsins* er myndin aukin og umsköpuð, konum er þar lýst sem blómum í görðum Freyju (Lofnar í fyrri gerð), og leiðir það hugann að mannlífsmyndum þessarar tegundar (bls. 46–49).

gangandi fram
í görðum Freyju,
þar blóm þúshundruð
brosa þér móti,
að ekkert þú handfestir² (Ljm. I 39–40)

1 Men siden klapped hendes Lilliehænder (Digte 42).

2 I er den faureste Blomme som staaer / udi Eders Faders Abildgaard (Digte 69).

Þá er *Kvæði til Sigrúnar* borið uppi af slíkum blómmyndum, fyrst í dæmisögulíkingu með stoð í upphafsorðunum:

Nær bað rós, þá risti
rún, af vindi skekin
nauðug á sjávar sandi
sér að fyrirgefa?

Hugsunin er hér tjáð með dálítið losaralegri líkingu, en í síðara erindinu er beitt myndhvörfum, og fyrir tilverknað þeirra eru stúlkan og rósín sameinaðar í eitt.

bágara er broddi fjaðrar
með blómtöngum stýra,
en með harðhnúum karla
hreyfa vængstilkinn breyska (Ljm. I 78)

Fögur er mynd meybarnsins, sem líkt er til

rósar er rættist upp fyrri
en roðnaði blómhnappur¹ (Eptir barn, Ljm. I 109)

Í handriti hefur fyrr verið ritað: „rósar er hreifst með hnappi / til . . .“

og verði rósir vanga
að visnuðum liljum (Rannveig Filippusdóttir, Ljm. I 137)

Í fyrstöldum myndum er ungum stúlkum líkt við liljur, hér er visnuð lilja látin tákna ummyndun ellinnar. Jón Helgason bendir á, að rós er tákn æskunnar, en lilja ellinnar í 34. kvæði Anakreons, en það kvæði er einmitt til í íslenzkri þýðingu Benedikts Gröndals eldra. Sú þýðing hefur verið til á prenti löngu fyrr en kvæði Bjarna var ort.² Í næsta erindi sama kvæðis segir svo:

1 En fyldig Rose, hvad kun før var Knup (Axel og Valborg 156).
Let som en Fjer, og dog et frodigt Blomster, / en svulmende, en sluttet
Lillieknop (Hakon Jarl 59).

2 Flý þú mig ekki, fagra mey, / þó mér af hærnum herdar vidur /
hrynji fannhvítir lokkar nidur; / fyrirlit mína elsku ei, / medan þér
æsku endist blóm: / því ofurvel á milli rósa / mjallhvítar sér, ad mínum

Fögur önd andlit ens gamla
mun eptir sér skapa,
og ungdóms sléttleik æðri
á það skruð-rósir grafa

(Rannveig Filippusdóttir, Ljm. I 137)

Í tengslum við blómmyndina á undan er hér frábærlega beitt
tvíðreginni merkingu orðsins *skruðrósir*.

en þá fiólan fellur bláa
fallið það enginn heyra má:
en angan horfin innir fyrst
urtabyggðin hvörs hefir misst

(Við jarðarför Guðrúnar Stephensen,
Ljm. I 155)

Í einu kvæði er loks konum líkt við tré:

ok um Spánlanda
sprakka fur-vaxna (Íslands riddari, Ljm. I 113)

Hér mun átt við beinvaxnar, hnarreistar konur.

Rósvarir

Tvisvar beitir Bjarni myndhvörfum í lýsingum á vörum
konu, ber þær saman við rósir.¹

Glaður drekk eg dauða

∴ úr rós ∴

á vörum þín,

því skálin er svo skær

(Kysstu mig hin mjúka mæ,)

Ljm. I 97)

Sála mín þá, mín Svava!

þér settist á varir!

dóm, / í maí-krönsum liljur hrósa (BGrönd 55–56). Hliðstæður myndar-
innar má einnig finna hjá Oehlenschläger: Men de røde Roser / Er blegget
hen til hvide Vemods Lilier (Axel og Valborg 156).

¹ Da skal jeg kysset af blomstrende Læber (Digte 142).

Þóktist hún rík þar í rósa
þeim rauða beð lá hún

(Kysstu mig aptur, Ljm. I 176)

Því er fjallað um þessar myndir sérstaklega, að myndin er gagnhverf, blóm eru persónugerð í sams konar myndhvörfum (sjá bls. 29).

Andliti, vörum, hálsi, vöngum kvenna er líkt við blóm, en einnig konunni allri. Myndirnar eru í upphafi aðeins einfaldar útlitslíkingar (1809–1813), en verða margbrotnari í *Kvæði til Sigrúnar og Rannveigu Filippusdóttur*. Í síðarnefndu kvæði er blómlíkingum beitt af mikilli myndvísi. En jafnframt fellur þessi mynd saman við aðra, stærri í sniðum, mynd mannplöntunnar, sem við dauðann er rætt upp og flutt í betri jörðu. Fyrst örlar á slíkum samruna í kvæðinu *Til kunningja skáldsins* (1813), þar sem konum er lýst sem blómum í gördum Freyju. Eftir að ort er erfiljóð um *Vígfús Þórarinsson* (1819), þar sem mynd mannsins í viðarlíki kemur fyrst fram, er ekki langt í algeran samruna þessara tveggja myndgerða, og það verður svo í kvæðinu *Eptir barn* frá 1821 og enn frekar í *Við jarðarför Guðrúnar Stephensen* 1832. Þegar á liður, eru blómmyndirnar helzt notaðar í erfiljóðum, að mynd *rósvara* undantekinni, en hún er endurtekin 1836.

2. Augnmyndir

Hvarmaljós

Samt þér nóg ei er
augum holds að lýsa (Sálmur, Ljm. I 54)

hýr hvarma ljósunum
himins frá ástloginn ljúflega skein
(Langloka, Ljm. I 71)

þó jarðblysin slokkni (Sigrúnarljóð, Ljm. I 76)

Líneik leit eg sjónar glæðum
(Stúlkulýsing, Ljm. I 96)

Pinna hvarmljósa týrur tvennar
tindra af eldi guðdóms sízt (Ljm. II 222)

og brúna- logið í -lampa
ljósunum daprist
(Rannveig Filippusdóttir, Ljm. I 137)

Himinstjörnur

og stjörnu sjá, þá birtu ber,
á brúna himni tindra (Eptir Sappho, Ljm. I 134)

Og þó hún kvala kenndi
af kvillum í elli,
brúna jafn-heiðskír himinn
hugar-ró sýndi
(Rannveig Filippusdóttir, Ljm. I 138)

og hvarmastjörnum helgri lyst
horfir tindrandi uppá Krist
(Við jarðarför Guðrúnar Stephensen,
Ljm. I 157)

Blástjarnan þó skíni skær
skal ei frammar þína
sjón mína,
því aðrar fegri eru tvær
er mér tindra miklu nær
og undir Svövu augnabrúnum skína¹
(Stjörnuskoðarinn, Ljm. I 183)

Fyrri myndin breytist ekki teljandi, að „lampamyndinni“ undanskilinni; þær myndir koma fram á árunum 1817–1825. Myndin *hvarmastjörnur* er fullmótuð frá því fyrst hún birtist (1824), en hin tengda mynd ennisins kemur fyrir í skemmtilegu tilbrigði í *Rannveigu Filippusdóttur* (1825). Er athyglisvert, hversu tvær helztu gerðir augnmynda eru nýttar í því kvæði rétt eins og líkamsmyndirnar, sem síðar

1 Hine Stierner lyse / Om Natten kun. Jeg seer to Stierner for mig, / Der lyse huldte om Dagen, som om Natten (Aladdin, Poet. Skr. II 345).

getur (bls. 45). Slíkar myndir koma síðan fyrir með jöfnu bili fram til 1839, og er hin síðasta einna bezt. Athygli er fyrst beint að fegurð *Blástjörnunnar*, og val þess orðs býr í haginn fyrir líkinguna. Frá henni er horfið til jarðar; orðið *hvarmastjörnur* kemur þar ekki fyrir, heldur aðeins:

því aðrar fegri eru tvær

Staðsetning þessara tveggja tindrandi stjarna er ekki nefnd fyrr en í síðasta vísuorði.¹

3. Mjöll

Litarhætti kvenna er líkt við mjöll í eftirtöldum dæmum:

tvíkleyft þakti hár
háls mjallfagran (Eptir Ovidius, Ljm. I 15)
nam þá at bólgna
barmur snjóhvítur (Sigtryggur, Ljm. I 19)
mjalllitar konur
(Til kunningja skáldsins, Ljm. I 39)
hvít ert þú sjálf sem mjöllin
(Sigrúnarljóð, Ljm. I 76)

Slíkar líkingar eru algengastar á Hafnarárunum, hin yngsta er frá því um 1820.

4. Freyjukettir

Frýsandi dragi þig
Freyju kettir (Til hins sama, Ljm. I 42)
Í Freyju katta klær
kominn þá heyrða' eg Finn,
sagði eg: hvör frelsazt fær?
fyrst þessi mæringinn

1 Aðrar augnmyndir eru minni háttar, einkum sóttar til sviðs hernaðar: Aðrir hermenn mig unnu / er augunum berjast (Ljm. I 32); tíðin mun sein / að mýkja það mein, / sem mér gegn merg og bein / margstungið af ástar flein, / er sætri flaug frá augum / á silki rein (Ljm. I 71). Loks er svipuð afstaða í *Freyjuköttunum*: :: Lít ei í augu á snót! :: / því kettir Freyju kúra þar undir steinum (Ljm. I 181).

og mikli bróðir Braga
í klærnar þeirra er kominn inn
(Gamanvísur, Ljm. I 64)

Um þessi dýr er svo heilt kvæði, þar sem hlutverki þeirra og störfum er lýst, þeir draga ekki aðeins vagn Freyju, heldur veiða þeir menn í músa stað.

Endurteknar myndir kvenlýsinga eru langflestar sóttar til náttúrunnar. Flestar þeirra eru tengdar tveimur tímabilum, er mest ber á ástakveðskap, 1814–20 og 1836–38, en hinar helztu koma einnig fyrir í erfiljóðunum. Konum er mjög snemma líkt við *blóm*. Myndir þeirrar tegundar eru algengastar á fyrra tímabilinu, en ná mestri fullkomnun í erfiljóðum síðar. Í einu kvæði síðara tímabilsins er tekin upp aftur líking vara og rósar úr ótímasettu kvæði, sem svipar fremur til kvæða síðara tímabilsins en hins fyrra. Því hefur verið minni gaumur gefinn en skyldi, hvílíkur reginmunur er á síðari ástakvæðum Bjarna og hinum fyrstu.¹ Hin upphafna tilfinning *Sigrúnarljóða* tilheyrir því kvæði einu og er víðs fjarri síðustu ástakvæðunum. Í þeim er einmitt að finna þann „munaðar-hita“, sem Gestur Pálsson taldi Gísla Brynjúlfsson einan lýsa.²

Meðal ástakvæða er ein þýðing, nokkuð gömul, og eru efnistöð þar athyglisverð. Frumkvæði Sappho hefur að geyma nærfærna lýsingu stúlkunnar, en í þýðingunni er henni aðeins lýst með þessari köldu og fjarlægju líkingu:

og stjörnu sjá, þá birtu ber,
á brúna himni tindra

1 Öllu holdlegu er vikið til hliðar, eða algjörlega numið á brott. Það er alsendis ómögulegt, að hugsa sjer hreinni ástarljóð, eða með meira skirlífi í sjer en þessi kvæði Bjarna. . . . Ástin milli karls og konu verður hjá honum að eins andlegt samband (Kvæði 1884 xlii, sbr. xliii). They are the very acme of purity and spirituality, ethereal to the extent that the earthly element in human love is virtually absent (Richard Beck, *History of Icelandic Poets 1800—1940*. Ithaca 1950, bls. 16).

2 Gestur Pálsson, *Ritsafn*. Reykjavík 1927, bls. 384.

Tilfinningar mannsins til hennar eru hins vegar táknaðar með sterkum líkingum loga og funa.

Líkingar konu og mjallar taka engum breytingum og eru aðeins í fyrri kvæðum. En myndin *hvarmastjörnur* er fullmótuð þegar í upphafi notkunar og kemur síðan fyrir í ýmsum tilbrigðum allt fram til síðustu ára. Mynd *Freyjukatta* kemur fyrir snemma í kvæðunum og er endurtekin og aukin mjög um 1837.¹

II Náttúrumyndir

1. *Veturinn persónugerður*

Veturinn er persónugerður í tveimur kvæðum, *Suðurlöndum* og *Norðurlöndum* og *Vetrinum*. Verða nú rakin lauslega einkenni hvorrar persónugervingarinnar um sig. Í hinni fyrri (Ljm. I 81–82) er veturinn sýndur í líki skrautbúins fornkappa. Norðurljósín eru dætur hans, og hann elur hreysti og hugrekki í mannshuganum, svo sem sólin elur jarðföst blóm á foldinni.² Kvæðinu lýkur á samanburði afkvæma vetrar og sólar í huga mannsins og í náttúrunni,

1 Þess má loks geta, að þokki hreyfingar konunnar er tjáður í tveimur skyldum myndum: Fögur sem álpt, / er útbreiðir hvíta / vængi vindi mót (Ljm. I 19); eins veik yfir græna láð / sem fagurfley í vindi / flytja seglin gljáð (Ljm. I 97).

2 Hvor derimod Naturen, mere streng, frembyder flere Sten end Blomster; hvor den faldne Sne indhyller Aaret halvt med sine hvide Lagen, men hvor ogsaa de haarde Sener stramme sig bestandig med mere Styrke; hvor det blier en Dyd, Naturen lærer, at undvære, og at forsvare vel med Kraft den sparsomt givne, indhegte Fryd – der toner ingen Sang, der glimre ingen skønne Billeder; men i de lange Vinternætter aabner sig Sjælen tavs med høje Manddomstanker. Der vokser frem den indre Blomst og lukker sig som en Rose trindt om Kvindens Hjerte. Og som en skøn og ren og dristig Lillie om Mandens Hjerne (Hakon Jarl 132).

rósar og norðurljósa, vellystar, sem sól og velgengni skapa,
og hreysti, sem hið örðuga vetrarríki elur.

Hún oss heldur í gildi,
hin oss linar til bana

Hugmyndin um skaðsemi vellystar, sem hér er að finna,
er tíð í kvæðum Bjarna. Hún kemur fyrst fram í *Sjálandi*
og *Íslandi*:

Skipin fögru færa sótt
fyllt með eitri sætu
frá eystri heimsins álfum skjótt
auðgum gulli mætu (Ljm. I 7)

glepur oss glaumurinn,
ginnir oss sollurinn (Íslands minni, Ljm. I 27)

Að ógleymdum þessum erindum í kvæðinu *Íslandi*:

Fjör kenni' oss eldurinn, frostið oss herði,
fjöll sýni torsóktum gæðum að ná;
bægi sem kerúb með sveipanda sverði
silfurblár Ægir oss kveifarskap frá.

Þó vellyst í skipsförmum völskunum meður
vafri að landi, eg skaða ei tel;
því útfyrir kaupstaði íslenzkt í veður
ef hún sér vogar, þá frýs hún í hel ¹ (Ljm. I 56)

Í síðari vetrarmyndinni (Ljm. I 118–121) er einnig tekin líking af fornkappa, riddara, sem þeysir brynjaður um himinhvolfið með brúsk norðurljósa á hjálmi, en norðurljós eru einmitt í öðru kvæði tákni um heiður norrænna manna (Ljm. I 83). Fyrirmynd að persónugervingu kvæðisins virðist vera *Þorrabálkur* Snorra frá Húsafelli og (eða) *Þorrareið*

1 Biæragsneen smelter, det er snart forbi, / den kække Vinter flyder hen i Taarer / og viger for den vellystfulde Vaar, / for Olafs Blomster (Hakon Jarl 151).

eftir séra Jón Oddsson Hjaltalín, föður Odds,¹ en úrvinnsla Bjarna á efninu er gerólik. Heimur vetrar er nóttin (sbr. „næturstillir sterkur“ í fyrra kvæðinu), hann er kominn frá *aflbrunni* alheims, þar sem hvorki Vor né Vellyst geta dvalizt, og hann er eilífur. Veturinn skipar ríkara sess í þessu kvæði en hinu fyrra. Hann ríkir yfir öllu þessa heims, hann getur gróðurinn við jörðinni, vorið er aðeins ljósmóðir og lítil reisin yfir lýsingu þess. Yfir öllu gnæfir veturinn og hrímgar það, sem næst er himni.

Heildarhugsun beggja kvæðanna er undir sterkum áhrifum frá eldri verkum Oehlschlägers, t. d. *Hakon Jarl hin Rige*, sem Bjarni vísar til í einu bréfa sinna. Óðinn birtist þar Ólafi konungi og reynir að sýna honum fram á, að heiðnin sé í raun og veru samgróin norðrinu, harðgerum gróðri og hraustum sálum. „Trúin“, segir hann, „er hvöt mannsins, mismunandi eftir þeim, sem hún grípur, mismunandi eins og náttúran.“ Hann tekur dæmi af grenitrjám, sem þeir sjá fram undan; það, hvernig þau gnæfa til lofts, má segja, að sé trú þeirra, og hér norður frá ber allt sama svipmót og þau, náttúra og menn, mótað af einum anda, einni veru. Í dal suðursins, þaðan sem kristnin er flutt, er öðruvísi um að litast; þar gnæfir ekki trjástofninn til lofts, heldur

bukker sig i fromme Krumninger
mørkt under Hvælvingen, omtrent saaledes
som dine Munke, naar de holde Messe

(Hakon Jarl 131)

„Hvaða vitnisburð mundirðu gefa þeim manni,“ segir hann að lokum, „sem vildi ryðja burtu hinum stóru, gömlu skógum, hlífa ekki nokkru tré, en gróðursetja í þeirra stað hin suðrænu, framandi blóm?“

Leikritið var samið 1805 og var gefið út og frumflutt á Hafnarárum Bjarna. Hugsunin að baki ber um margt svipmót af kenningum Steffens. Grunntónn alls leikritsins er samtenging manns og náttúru, uppeldisgildi um-

1 Björn Teitsson, Þorabálkar og vetrarkvæði. *Mimir* 7, bls. 9–13.

hverfisins, munur suðrænnar og norrænnar skapgerðar.¹ Samkvæmt þessu eru tíðustu líkingar leikritsins myndir mannsins í jurtarlíki, en þær urðu einnig mjög ríkjandi í kvæðum Bjarna (sbr. bls. 46–49). Í síðari verkum sínum hvarflar Oehlenschläger æ meir til hins ljúfa suðurs að hætti þýzkra skáldbræðra sinna, en í Bjarna átti þessi hugmynd sterkari og ríkari ítök. Hún kemur ekki aðeins fram í kvæðunum, heldur í allri lífsskoðun hans og viðhorfum til Íslands að fornu og nýju. Afl og hreysti eru þeir eiginleikar, sem bæði skáldin tengja norrænni náttúru og börnum hennar. Glæsta fortíð þjóðarinnar, sköpun og varðveislu menningarverðmæta, þakkaði Bjarni einangrun og baráttu við óbliðar aðstæður, sem „vellystin“ fékk ekki dafnað í, en merki hinnar hörðu „uppeldisstefnu“ má sjá á embættisstörfum hans, svo sem af stefnu hans í Landsyfirréttinum.² Vetrarmyndirnar, einkum hin síðari, bera heiðinn svip, og fornaldardýrkunin er nátengd þeim. Oehlenschläger gekk aldrei svo langt að segja veturinn ríkja yfir öllu jarðlífi, en í Bjarna átti hann miklu ríkari ítök. Norræn náttúra er harður uppalandi; í lýsingum landsins eru tengdar fegurð og ógn (Ljm. I 56 og 113–114). Þau orð hafa fráleitt fyrr verið tengd í íslenzku ættjarðarkvæði.

Peirrar afstöðu, sem býr að baki myndanna, verður einnig vart í bréfum Bjarna. Í bréfi til Finns Magnússonar ber hann saman gotneskt og latneskt letur og segir, að þar sem

Gautneska Skriptin er gengin út frá Gautnesku Edli,
og Character hennar er Styrkur og Festi – en hin frá
Sudurbúa Edli og hennar Einkunn er Qvennskapur og

1 Sennilega er þessi hugmynd einnig runnin frá Steffens, ef marka má tilvitnanir í bréf hans í hinni norsku bókmenntasögu Bulls og Paasches. Þá er ekki ósennilegt, að hér sjáist fyrstu merki uppreisnar Oehlenschlägers gegn kenningum hans, þar sem orðin eru lögð í munn Óðni og boðað er afturhvarf til heiðins átrúnaðar.

2 Björn Þórðarson, Um dómstörf í Landsyfirréttinum 1811–1837. *Studia Islandica* 5, Reykjavík 1939; Landsyfirdómurinn 1800–1919. Reykjavík 1947.

Ubestemthed, þá vyrdist mér sem hin ætti að haldast í
Heidri við Nordurlanda Mál (Bréf I 172, 1826)

En einkenni „kvenskapar“ er víðar að finna en í Suðurlönd-
um, t. d. með hinum norrænu Dönum.

hann, og Fiöldinn í Danmörk er optast eins og hitt
Qvennfólkid vant að dæma Menn eptir Vidmóti þeirra
og hrósa og lasta eptir því sem það er til enn síá síður í
það sem meira er í varid (Bréf I 12, 1819)

Höfuðmáli skiptir ekki lega landsins, heldur veðurfar og ytra
atlæti, sem mótar eðli og eigindir mannsins.

at hefir ið hlýja
ok hallkvæma veður
bleyður af brögnum,
bryðjur af fljóðum,
dugleysi af dugnað'
Dönum of skapað (Ljm. II 23)

allteins hreystin harra
hlánaði af kulda ráni
(Suðurlönd og Norðurlönd, Ljm. I 81)

Þessari hugsun er búin mynd á Hafnarárunum fyrst, ýt-
arlegast og bezt er hún tjáð 1823, en kemur ekki fyrir í kvæð-
unum síðan.

2. Líkamshlutar

Náttúran er mjög oft persónugerð í kvæðum Bjarna, tíð-
um með myndhvörfum, notkun orða, sem merkja líkams-
hluta, um fyrirbrigði í ríki náttúrunnar.

Höfuð

mankat ek heldr
mik hafa sofnat
á tvihöfðuðum
tindi Parnassi
(Eptir Persius, Ljm. I 5)

Í öðru ehdr. er fyrst skrifað: „á tvihnúuðum / hálsi Parnasso“, síðar: „tvítýpptum / tindi“. Annars er myndhvörf-in að finna í texta frumkvæðisins: „nec in bicipiti somniasse Parnaso / memini“ (Pers. 310).

Haus man eg háan reisa

— — —

Þríhyrning ofar skýjum

(Fljótshlíð, Ljm. I 79)

Gamall því Eyfjalla-skallinn við ský
 sækur hinn snjóhvíta feldinn
 og flytur svo lofdrápu fylki á ný
 sem fornaldar-skáldin

(Kvæði, Ljm. I 117–118)

Myndinni er haldið í öllu kvæðinu.

Augu, brár

náði þá fold fá
 fyrsta morgunroða
 skæran að skoða

(Sálmur, Ljm. I 53)

mjöllu frá landnorðri leiddi
 í lopti frerastormur
 móðurlands brá yfir breiða
 og byrgði for sólu

(Vigfús Þórarinsson, Ljm. I 62)

Sólgylltan man eg Múla
 mæna þar völlu of' græna

(Fljótshlíð, Ljm. I 78)

máni þá frá skýi
 skyggnist þangað

(Úr kvæðum Ossíans, Ljm. I 169)

Í frumkvæðinu stendur: “and the moon looks into thy cave” (Oss. 341).

Munnur

en í mána miðjum
 munni sjá hvað liggur
 (Dauðinn, Ljm. I 88)

Hertu þig, Geysir!
 að þinn gleðivatnsstafur
 Mána væti varir
 (Friðriksljóð, Ljm. I 153)

Blóm eru persónugerð í elztu kvæðum.

öll skógar ilma-blóm
 upp fögrum luku góm
 mæran dags að minnst við boða
 (Skóggangan, Ljm. I 4)

Rós kyssir munni rjóðum
 regnsdropa sérhvern
 (Engi verði ungum, Ljm. I 26)

Báðar myndirnar eru frá Hafnarárunum og koma ekki aftur fyrir, enda voru blóm ekki síðar meðal yrkisefna Bjarna nema sem moldarbörn í kvæðum vetrarmynda.

Faðmur

Flytji þik Rán
 í faðmi mjúkum!¹

— — —
 Ísland úskaddan
 upp þik taki
 í mjallahvíta
 móður arma
 (Kveðja mín, Ljm. I 1–2)

Svipuð mynd kemur fyrir löngu seinna, þar sem ávarpaðar eru valkyrjur ísa, en þar er faðminum öðru vísi lýst og atlotin ónotalegri.

1 Rán tog ham í sin moderlige Favni (Hakon Jarl 124).

en köldust yðar faðmlög hörð
önd hans burtleystu
(Eptir síra Gísla Brynjólfsson,
Ljm. I 145)

Barmur

óskar hann bein að
bera seinast
í barmi þér þá æfin dvín
(Reiðvísa, Ljm. I 62)

En Ísafold
með elsku móður
bragnings bein
und' barmi geyma
(Stefán Þórarinsson, Ljm. I 126)

Jörðin í líki ástmeyjar:

foldin barminn breiðir
blíðlega þá á móti
(Suðurlönd og Norðurlönd,
Ljm. I 81)

Skaut

Kemur aðeins fyrir í einu kvæði.

og opt hið bezta hrífið hratt,
hennar sem útaf skauti spratt.

— — —

en í sitt skaut
andað hans þó hún líkið hlaut
(Eptir síra Gísla Brynjólfsson,
Ljm. I 143 og 145)

Fætur

fagurt og ógurlegt ertu þá brunar
eldur að fótum þín jöklunum frá
(Ísland, Ljm. I 56)

blunda mjúkt
 á mararbotni,
 fótum hjá
 fósturjarðar,
 er hann í dauða
 umfaðmaði
 (Jón Jónsson, Ljm. I 52)

í fjalla aur
 fætur hyljast,
 á grænum fyrr
 sem grundum stóðu
 (Um apturfarir Fljótshlíðar,
 Ljm. I 101)

Í þessari mynd einni verður einhverrar breytingar vart.

af því að fætur Fljótshlíðar
 fljótið sker uppað knjám
 (Um Fljótshlíð, Ljm. I 142)

Í frumgerð erfiljóðs eftir Gísla Brynjólfsson er þessi mynd í
 3. vísuorði 1. erindis: „við fætur“, síðan „hjá fótum / fóstur-
 jarðar“.

Bros og hlátur

Þegar lopt og hauðrið hlær
 hýrum þakið blóma
 (Sjáláland og Ísland, Ljm. I 7)

Brosir oss móti hin græna grund,
 — — —

Sjáið þér! lopt og hauðrið hlær
 (Reiðvísa, Ljm. I 61–62)

bezt þá allt gegn mér brosti,
 brosti eg svo aptur hins vegar
 (Fljótshlíð, Ljm. I 79)

Háar þér móti hlæi
 heiðar um norður leiðir
 (Til Steingríms biskups, Ljm. I 139)

hlær allt heiðu mót
 himinrjáfri (Friðriksljóð, Ljm. I 150)

Myndir þessar koma þegar fyrir á Hafnarárunum og eru nokkuð tíðar þá. Um 1817 koma þær aftur fram og birtast nokkrum sinnum fram til 1828, en eftir það hverfa þær næstum alveg úr kvæðunum. Aðeins tvær myndir eru frá amtmannsárunum, önnur í þýðingu, og er mánanum lýst í báðum.

3. *Klæðislíkingar*

Náttúran hvítfölduð

Öðruvís er að sjá
 á þér hvítfaldinn há
 heiðhimin við

(Íslands minni, Ljm. I 27)

Landið er hér í fjallkonumynd. Svipaðar myndir eru einkum í þýðingu kvæðisins eftir Motte Fouqué og svarkvæðinu til hans. Ekki hefur tekizt að fá kvæði Fouqués á frummálinu til samanburðar.

Snjóslæðum sveipuð
 situr þar meyja,
 en undan snjófaldi brennur henni eldur frá brám
 (Kveðja til Íslands, Ljm. I 110)

hvar meyja
 situr sjóbeltuð
 ok sísnjófölduð (Íslands riddari, Ljm. I 113)

Bylgjunum er lýst í skyldri mynd í *Friðriksljóði*.

Falda Eystrasalts
 unnir hvítu
 sem þær forn-vini
 fagni sínum (Ljm. I 151)

Aðrar klæðislíkingar

Þessar myndir eru einkum tengdar árstíðunum.

hrímþaki sviptir hörðu
og hjúpi grænum sveipar
(Vestanvindurinn, Ljm. I 28)

fagurtjölduð Fróns
fjöllin grænvoðum
(Friðriksljóð, Ljm. I 149)

en grænló skikkju
gránar ok hjaðnar
(Veturinn, Ljm. I 119)

Um hávetur er myndin önnur:

og sem líkblæju
lita jökla
mjallarskrúð
er skirt var áður
(Stefán Þórarinsson B₁, Ljm. II 130)

á vetri fegurst línklætt lík,
lífs og dauð ágæt
(Staka um Fljótshlíð, Ljm. I 149)

Klæðislíking er ein frá Hafnarárunum, önnur frá því skömmu eftir heimkomuna. Þá eru nokkrar myndir frá árunum 1821–24, og loks eru þrjár myndir í kvæðum frá 1828, en engin síðan. Kvæðin eru *Staka um Fljótshlíð* (1) og *Friðriksljóð* (2).

4. Bein líking landslags við konu

Þetta held eg: Fróni fjöll
fegurð sömu veita
sem nef og augu á auðar þöll
andlit fagurt skreyta
(Sjáländ og Ísland, Ljm. I 8)

svipljótt land sýnist mér
sífelld að vera hér,
sem neflaus ásýnd er
augnalaus með

(Íslands minni, Ljm. I 27)

Enn kemur fyrir líking áttthaganna við konu á ýmsum aldurskeiðum, en erindið mun Bjarni hafa ort eftir komu sína til Fljótshlíðar, er hann var þar við útför móður sinnar.

Á vori vænust meyja!
vafin öll í skart,
á sumri fríð húsfreyja!
flest hjá þér er þarft,
á hausti blíð sem móðir mæt,
á vetri fegurst línklætt lík,
lífs og dauð ágæt

(Staka um Fljótshlíð, Ljm. I 149)

Báðar fyrri myndirnar eru ortar í Höfn, hin þriðja er frá 1828.

5. Himinreiðar

Sól og norðurljós í mynd fagurbúins vagns eða reiðar.

Roða þá sólar ríða
rósfögru sé eg ljósi
háa turns á húnu
hringlóttri að end'ri nóttu,
og sér flýta í fljótri
fagur-reið um leiðir
austurs allt til vesturs

(Sólaruppkoma, Ljm. I 25)

brennandi í faðmlögum loptvegu kalda
í gullreiðum norðljósa þjóta um þá

(Sigrúnarljóð, Ljm. I 77)

Sá hann það var Saga,
er settist á norðljósa

reiðar þjótandi
ok réð til norðurs
(Íslands riddari, Ljm. I 113)

Hví eru reiðar
í rökkur-átt
svo dapurleit
demant-blysin?
(Stefán Þórarinsson B₁, Ljm. II 130)

Ein myndanna er frá Hafnarárunum, hinar frá 1820–24.

6. *Vegir*

af vegum
hinna náköldu
norðanvinda
(Til kunningja skáldsins, Ljm. I 39)

Speglar sig ei sunna
og svásleitur máni
líðandi of himna leiðar
þars lygnuvatn hitta?
(Engi verði ungum, Ljm. I 26)

brennandi í faðmlögum loptvegu kalda
í gullreiðum norðljósa þjóta um þá (Ljm. I 77)

Frá Hafnarárum er ein mynd, hinar eru gerðar um 1813
og 1820.

7. *Kristall*

eða þær kristalls ár,
á hvörjar sólin gljár
(Íslands minni, Ljm. I 28)

Og lifanda kristalls lindar smáu
lykkjaðir kringum bala og hól
(Við dauðafregn dr. Gísla Brynjólfssonar,
Ljm. I 143)

Önnur myndin er frá 1809, hin frá 1827.

8. Persónugerving sólar

Sólina persónugerir Bjarni víða. Elzta dæmið er hin óljósa mynd *Skóggöngunnar* (Ljm. I 3–5), en næst kemur slík mynd fyrir í *Sólaruppkomu*, þar sem sólskinið í Höfn leiðir hugann að sólskini á íslensk fjöll (Ljm. I 25). Loks er persónugerving sólar í *Pýddum vísunum* (Ljm. I 33), *Jóni Jóns-syni* (Ljm. I 49) og *Kötlukvísl* (Ljm. I 127), en í kvæðinu *Suðurlöndum* og *Norðurlöndum* er sólin andstæða vetrarins, og blómin eru nefnd sólarbörn og foldar börn og röðuls (moldarbörn í *Vetrinum*). Yngst tímasett mynd er frá 1824.

Pegar athugaðar eru náttúrumyndir Bjarna, verður fyrst fyrir hin persónulega tilfinning til náttúrunnar, ættjarðar og áttaha. Hann ávarpar landið (*Saknaðar stef, Íslands minni, Reiðvísa, Ísland*) og persónugerir það, einkum í mynd móður eða fósturu, uppalanda. Bernskuumhverfi sitt persónugerir hann einnig, það tekur á sig myndir gamalla kunningja (*Fljótshlíðarkvæðin*). Þessi tilfinning kemur skýrast fram í *Reiðvísu*, þar sem öll náttúran hlær við hinum íslenzku sveinum og heilsar þeim, skartar þeim fegursta skrúða, en vötnin þylja þeim fornar hetjusögur. Annað einkenni ættjarðarkvæðanna er einmitt það, að skoðun landsins leiðir hugann aftur til fortíðarinnar, að „horfnu ágæti mannanna“ (Kvæði 1884 xxxvii).

Hvað mér í huga færist
Hlíðar af stöðvum friðum
liðinna alda áður
allt minnir mig svinnra
(Fljótshlíð, Ljm. I 79)

Afstaða Bjarna til náttúrunnar kemur einna gleggst fram í kvæðinu *Íslandi*. Þar lofsyngur hann erfitt og óbrotið líf, baráttu við náttúruöflin, sem mótar hina beztu, norrænu kosti, sem rómantísk skáld þess tíma gerðu mjög að yrkisefni. Að baki býr mótunarafl veðurfars og einangrunar, en andstætt

mótunarafl er vellystin; það sem hún leiðir af sér, kallast einu nafni læpuskaps ódyggðir. Kvæðið er náskylt kvæðum hinna stórfelldu vetrarmynda að öllu inntaki.¹ Uppeldisgildi erfiðra lífskjara er líkt fram haldið.

Hafnarárin hafa skerpt skilning Bjarna á sérkennum Íslands, enda dregur hann víða fram andstæður sjálenzkrar og íslenzkrar náttúru í kvæðum frá þeim tíma. Hann gerir mun á jöklum og blíðum Dana blómsturvöllum í *Kvæðju til Árna Helgasonar* (Ljm. I 1) og líkir flatneskju Sjálands við nef- og augnalaus ásynd í *Sjálandi og Íslandi og Íslands minni*. Í fyrra kvæðinu dregur hann upp andstæðumynd sjálenzks blómvallar og íslenzkra fjalla, hárra, helgra. Í síðar-nefndu kvæði er teflt saman þokulofti og svipljótu landi annars vegar, hins vegar háum hvítfaldi við heiðhimin, og mynd nef- og augnalausrar ásyndar er áréttuð í andstæðumyndinni:

eða þær kristalls ár,
á hvörjar sólin gljár,
og heiðar himin-blár,
há-jökla rið (Íslands minni, Ljm. I 28)

Tilfinning Bjarna fyrir náttúrunni er í samræmi við andstæðumyndirnar, samanburðinn við Danmörku og uppeldis-hugsun þá, sem hann tengdi náttúrunni. Honum er hugstæðust stórbrotin auðn hárra fjalla,² en í náttúrulýsingum stendur hann hvergi nærri Jónasi á sporði. Hann býr ekki yfir sýn Jónasar inn í heim hins smáa, festir fremur sýn á hinu stórgerða og bregður ekki upp sérlega lýsandi myndum þess;

1 Fjör kenni' oss eldurinn, frostið oss herði (Ísland, Ljm. I 56). ís-spjóti íturhvössu / ónýta seggi bitur, / málmuskjaldar menn ógilda / mundriða slær að grundu (Ljm. I 81). Afl vex því öflga / er hann þat nálgast (Ljm. I 119). Í öllum þessum kvæðum er vellystinni teflt fram sem andstæðu.

2 og poëtiskt að horfa qvalarlaust í einhvör af þeim fegurstu Föðurlandsfiöllum undir siálft Andlátid í góðu Vedri (Um andlát Jóns Espólins, Bréf I 235, 1836).

náttúrulýsingar hans eru oftast dregnar grófum dráttum. Bjarni talar ekki um flóatetur, fífusund, heldur

Undarlegt sambland af frosti og funa,
fjöllum og sléttum og hraunum og sjá
(Ísland, Ljm. I 56)

Með orðum Helga Pjeturss láta Bjarna betur líkingar en lýsingar, þar sem Jónas er miklu fremur skáld lýsinga.¹ Ótalin eru þau tilvik, þegar náttúrulýsingar eru umgerðir dramatískra atburða, en þær lýsingar láta Bjarna yfirleitt vel (*Herganga, Kötlukvísl, Jón Jónsson o. fl.*).

Náttúrumyndir Bjarna ná hæst í *Vetrinum* 1823, upp frá því fer þeim fækkandi og hverfa loks alveg um 1828. Hins vegar sækir Bjarni eftir sem áður mannlífsmýndir sínar langoftast til náttúrunnar.

III Mannlífsmýndir

1. Líkaminn

Viðjar

Svo sem önd er andi,
til anda kóngs, að bandi
líkhams leystu, hún fer.

— — —
þá ganga vini lítum
myrkvar dauða dyr,
líf og ljós að finna,
en liðna mæðu stinna
í jarðarfjötrum fyr.

— — —
frjáls og frár var andi
sem firrtur væri bandi
moldar mannlegrar

(Sigríður Thorarensen,
Ljm. I 37–39)

1 Eimreiðin 1904, 32–33.

Líkamanum er hér lýst sem fjötri sálarinnar. Í fyrstu tveimur erfiljóðunum er þessi mynd áleitin, enda er í báðum lýst mótdrægu lífi.

Var hans önd,
viðjum meðan
líkhams var reyrð,
lausnar biðjandi —
því mörgum meir
moldar fjötrum
ánauðug hélzt,
svo ei sín naut

(Jón Jónsson, Ljm. I 50–51)

Í 5. vo. hefur fyrst átt að vera: „jarðarbönd . .“.

unz máttu lausan
fá mig úr líkhams fjötrum,
svo fylgja þér megí eg
(Sigrúnarljóð, Ljm. I 77)

Losnuð er nú önd hans
af líkhams böndum
(Hafgufan, Ljm. I 96)

Sama hugsun er í frumkvæðinu:

Fri har nu Siælen hans Liig forladt (Corr. 172)

Óvíst er um aldur þessarar þýðingar, en annars koma slíkar myndir fyrst fyrir 1813. Þær eru fremur einfaldar að gerð í upphafi, en myndin er gerð nærtækari og átakanlegri í *Jóni Jónssyni* (1817–20). Öndin er þar *reyrð viðjum líkhams, ánauðug moldar fjötrum, lausnar biðjandi*. Síðasta mynd þessarar tegundar kemur fyrir um 1820.

Hamur, hýði

Er hún [önd hans] laus
líkhams mála (Jón Jónsson, Ljm. I 51)

Hér er ekki fullgild líking, en endurvakin er fölnuð upphafsmerking orðsins líkami. Hliðstæður má sjá hér að framan,

en auk þess er skyldleiki með þessari mynd og þeim, sem á eftir koma:

stælandi styrkum hann
styrkleikans ham

(Bæn fyrir konungi, Ljm. I 89)

Erat harmur að hugsa
hýði sleppa jarðar (Dauðinn, Ljm. I 88)

Leysa mun ek önd þér
frá líkhami (Hafgufan, Ljm. I 95)

Þetta er bein þýðing frumkvæðis:

Jeg løser fra Legemet Siælen dig (Corr. 171)

Í frumdrögum *Sigrúnarljóða* má á tveimur stöðum sjá merki slíkra mynda. Í 2. erindi, 7. vo., hefur fyrst átt að standa:

haminn eg sé hinn sama

og 3. erindi hefst þannig í fyrri gerð:

Hyggur þú hjómið rósar
hreinna vera mjöllu (Ljm. II 88)

Þessum myndum er báðum hafnað í lokagerð kvæðisins. Hverfleiki og fánýti líkamans er dregið fram jafnhliða, og slíkar myndir eiga illa heima í ástakvæði. Þá hæfir loka-myndin betur: Röðullinn kyssir jafnt hvíta mjöll sem rauðar rósir, finnur jafna fegurð í hvoru tveggja. En mynd fyrri gerðar er fagurlega dregin í öðru kvæði skömmu síðar, og þar á hún fyllilega heima.

Tjáir ei harma þó hýðið
hnigi fagurt til moldar
rósar er rættist upp fyrri
en roðnaði blómhnappur

(Eptir barn, Ljm. I 109)

Óttizt ekki elli
þér Íslands meyjar,
þó fagra hýðið ið hvíta
hrokkni og fölni
(Rannveig Filippusdóttir,
Ljm. I 137)

sannkölluð hné þar hetja í valinn
þá hýðið sjúka öndin rauf
(Ísleifur Einarsson, Ljm. I 171)

Þú sem fyrir skemmstu
skauzt úr hýði (Alþingisvísur, Ljm. I 196)

Sömu ættar eru *fiðrildismyndirnar*; þær geyma sömu
hugsun í nýrri, en skyldri mynd. Lirfan er oftari í dæmi
jarðlífsins en líkingu þess.¹

fór þá heilbrigð sál
úr hami sjúkum
og ljómandi flaug
til ljóss uppsprettu
(Sigríður Thorarensen,
Ljm I 36)

Í annarri gerð þessa kvæðis og öðru, sem ort er talsverðu
síðar, eru hamskipti fiðrildisins látin vera dæmi um það, að
betra líf sé í vændum eftir dauðann.

Orminn sjá
dottinn í dá,
af ham hans fúnum
hið fagurbúna
fiðrildið vængjum ypptir (Ljm. I 37)

Sjá í moldu maðkur bíður,
mjög í duppti seint hann skríður,

¹ Er et Gienfærd ei / En jordisk Larve for en evig Aand? (Axel og
Valborg 218).

jörðu bundinn allur að –
 En þegar stuttar hann lagt hefir leiðir
 langri á ferðinni og deyr, sig þá greiðir
 fiðrildi úr haminum fúna sem eyðist,
 en fagurgullna vængi mót sólu það breiðir –
 syrgir það hvörgi að lengur það ei lá
 í líki maðksins kaldri jörðu á,
 gleðst það að henni gat það komizt frá
 og geta setið rósaknöppum á

(Jónas Stephensen, Ljm. I 98)

Loks er þessi hugsun tjáð í samlíkingu í einu af síðustu kvæðum Bjarna, *Einsog hún Psyche*:

Einsog hún Psyche fögur flýgur
 fúnum mót sól úr lirfu ham,
 úr líki köldu öndin stígur
 að varmageislum drottins fram (Ljm. I 185)

Myndir þessarar tegundar eru algengar, en einfaldar í fyrri kvæðum. Elzt tímasett mynd er frá 1813. Fyrsta breytingin, sem fyrir verður, er samtenging við *blómmyndir* (bls. 46–49), hin fagra rós er aðeins hjóm, sem fellur innan skamms; rótin á eftir að bera fögur og varanleg blóm í öðrum jarðvegi. Í *Rannveigu Filippusdóttur* (1825) er myndin aukin nýrri lýsingu með orðunum *hrokkni og fölni*. Í fyrri gerðum er myndin studd ákvæðisorðum: *lík-hamur*, *hýði jarðar*, *hjóm* og *hýði rósar*. Hér er slíkum ákvarðandi orðum sleppt, en val orðsins *hýði* dregur samt fram þegar í upphafi kvæðisins tvískiptingu sálar og líkama. Myndirnar eru síðan endurteknar fábrotvari 1836 og 1841. Af því að þessar myndir eru tengdar andstæðum myndum sálarinnar, verður *fiðrildismyndin* til af þeim í rökréttu samhengi (1813). Í síðara erfiljóðinu er orðlengt bæði um maðk, hamskipti og fiðrildi (1820). Loks verður fyrir sama hugsun í samlíkingu (1839), tengd mynd *varmageisla* drottins.

*Fat*¹

Hugsunin að baki er náskyld myndum hams og hýðis, en myndirnar koma aðeins fyrir í einu kvæði:

Því þá fatið fyrnist
 fellur það betur að limum
 og lætur skýrar í ljósi
 lögun hins innra.
 Fögur önd andlit ens gamla
 mun eftir sér skapa²

Dæmisögulíking, sem í næsta erindi er þjappað saman í tví-
 tekin myndhvörf:

Sálar um fatið hið forna
 fögur skein innri konan.
 Skýrt máttu skatnar og líta
 að skróðklæði var það
 (Rannveig Filippusdóttir,
 Ljm. I 137–8)

Tvö fyrstu vísuorð tilvitnunarinnar eru þannig í fyrri gerð:
 „Ung skein þar öndin hin fagra / í átræðu klæði,“ sem
 breytt er: „Ung sást þar innri konan / átrætt gegnum klæð-
 ið.“ – Í þessu sambandi má minna á ummæli í bréfi til Gríms
 Jónssonar 15. ágúst 1832:

de yngste hilser jeg selv, baade den beskedne blye Viol
 og den lille Kiærminde med Sielen i Öjnene, hvor jeg
 ønsker at den maa blive tilsyne til hendes 80de Aar
 (Bréf I 99).

Hús, hreysi

Líkaminn er hér í mynd húss, tímanlegs bústaðar sálar-
 innar.

og fagurt hugar hús
 hrörlegt gjöra
 (Sigríður Thorarensen, Ljm. I 34)

1 Da kastede du din Jorddragt / i Graven (Digte 165).

2 Sbr.: Frómasta fegruð geði (Ljm. I 39).

sem úr móðs og mæðu
menn æ leysir hreysi
(Hræðist ei drengur dauða, Ljm. I 53)

þá skært sér
skin í öndu rísa,
hold sem fékk hýsa (Sálmur, Ljm. I 54)

Í áttunda erindi *Kötlukvíslar* hefur Bjarni fyrst gert drög að lýsingu á drukknun gamals og lasburða manns þannig:

en hreysið þá hratt
í hrímkaldar unnir . . . (Ljm. II 137)

Myndin virðist hafa átt að standa hér ein sér, óstudd af frekari skýringu, enda varla rúm fyrir hana í erindinu.

Vaknaði' önd og vatt sér
veslu skjótt frá hreysi
og þaut á ungum vængjum
til Ódáins skógar
(Benedikt Gröndal, Ljm. I 136)

Í *Rannveigu Filippusdóttur* er fögur og áhrifarík mynd þessarar tegundar, þótt einföld sé:

Var sem önd leitaði ljóra
og liti til veðurs (Ljm. I 138)

Í frumdrögum segir svo: „innri mey leitar að ljórum / og lítur til veðurs.“ Önnur hliðstæða er í niðvísu, sem talin er ort til *Magnúsar Stephensens*:

að djöfullinn fyrir innan er,
ekki eru fagrir gluggarner (Ljm. II 222)

Sálarhöllu hárrí
er hrapaði rambyggð
skilar hér jörðu
Jón Espólín (Grafminning Jóns Espólíns,
Ljm. I 171)

Slíkum þrekskrokki hæfði ekkert hreysisnafn.

Elzt tímasett mynd er frá 1813, og breytingar eru litlar, en í *Rannveigu Filippusdóttur* kemur fram skemmtilegt tilbrigði sömu hugsunar, myndin skoðuð frá nýrri hlið. Eftir það kemur slík mynd aðeins einu sinni fyrir, 1836.

Allar þessar myndir eru bornar uppi af sömu grundvallarhugsun. Líkaminn er bústaður ódauðlegrar sálar og hverfur til moldarinnar, upphafs síns, svo sem sálin fer til guðs, síns upphafs. Þessi hugsun kemur fyrir hvað eftir annað í kvæðum Bjarna og er með ýmsu móti.¹ Myndir þessarar tegundar koma fyrir í fyrsta erfiljóðinu, eftir *Sigríði Thorarensen*, en ná fullkonnun í *Rannveigu Filippusdóttur*. Þar er sagt, að „fagra hýðið ið hvíta / hrokkni og fölni“ í fyrsta erindi, í öðru erindi er andlitinu líkt við gamalt fat, sem „fellur betur að limum / og lætur skýrar í ljósi / lögun hins innra.“ Loks eru augun nefnd *ljórar* sálarinnar. Eina líking þessa flokks, er fellur ekki inn í þá mynd jafnvægis og heiðrikju, eru *viðjar* líkamans. – Myndirnar eru nátengdar innbyrðis og kalla fram í hugann hver aðra, jafnvel þær, sem virðast minnst eiga sameiginlegt. Maðkurinn er í fyrstu

jörðu bundinn allur að (Ljm. I 98)

Í tíma fylgjast þær einnig að að mestu, upphefjast flestar 1813 og ná hæst 1825. Aðeins ein mynd getur verið til orðin á tímabilinu frá 1825–1836, en upp frá því ári eru slíkar myndir endurvaktar, en litlu auknar.

1 Skilar þar moldum / móðurjörðu / sínum hér settum / Sigurður Pétursson (Ljm. I 141). Alhreinn sá andi anda fer í landið, / hylst ei af holdi sem hulið er í foldu (Ljm. I 163). Þó fagurlagaðir limir / sé lagðir í moldu / og jörðu gæfi hún jarðar, / í jörðu er hún ekki (Ljm. I 167). . . . en köldust yðar faðmlög hörð / önd hans burtleystu, en í sitt skaut / andað hans þó hún líkið hlaut (Ljm. I 145). Því líkið það hér lýðir skoða, / liðin frú Guðrún sjálf er ei: / eilífðar morguns rjóð í roða / röðulhrein glansar engilmey (Ljm. I 157). Líkið þó sjáum sést hún ei, / sjálf er hún nýfædd himinmey (Ljm. I 185). Þegir nú Oddur / en augun liðnu / eptir öndu / í eilífð stara (Ljm. I 192). Loks má benda á kvæðið *Jón Jónsson*, sem að hluta er ort með þessa hugmynd að uppistöðu (Ljm. I 49–52).

2. Maðurinn

Jurtamyndir, guð urtagarðsmaður

Hér að framan hafa verið raktar ýmsar blómmyndir í kvenlýsingum. Þær myndir, sem hér fara á eftir, eru margbrotnari, rótfestar og grundvallaðar í lífsskoðun skáldsins.

Hælislaus á hóli
hrísla stend eg sendnum,
auðt á allar síður
er fyri stormi og frerum,
síðan mæta meiðinn,
mér sem reyndist verja,
sókti sá er átti,
að setja í jarðveg betra

(Vigfús Þórarinsson, Ljm. I 63)

Faðir og sonur eru hér táknaðir í myndum meiðs og hríslu. Mjög lík mynd er í *Saknaðarvísu eptir Þórarin Öfjörd*, nema hvað þar er lýst tveimur vinum, jafningjum, sem verja hvor annan:

Viður var mér áður
vaxinn fríður að síðu,
— — —

skjól þó samt ekkert skýli
skal ei vind hræðast svalan (Ljm. I 126)

Tjáir ei harma þó hýðið
hnigi fagurt til moldar
rósar er rættist upp fyrri
en roðnaði blómhnappur.
Upp hana rætti, er átti,
urtagarðsmaður,
bar hana burt til að setjast
betri í jörðu (Eptir barn, Ljm. I 109)

Þá eik í stormi hrynur háa
hamra því beltin skýra frá –

en þá fíólan fellur bláa
fallið það enginn heyra má:
en angan horfin innir fyrst
urtabyggðin hvörs hefir misst¹
(Við jarðarför Guðrúnar Stephensen,
Ljm. I 155)

Guð er enn sýndur í mynd urtagarðsmanns í kvæði frá
fyrstu amtmannsárunum:

Af fræi smáu
fullstórt uppsprettur:
því guð var sjálfur er sáði²
(Grafminning Tómasar Bjarnasonar,
Ljm. I 160)

í lundu guðs lilja
(Guðný Högnadóttir, Ljm. I 163)

Í síðari myndinni er orðið *lilja* e. t. v. notað um menn, þ. e. fráma menn, guðs liljur. Vísuorðið mundi þá útleggjast þannig: í lund slíkri, sem guðs börn ein geyma; en vera má einnig, að Bjarni hugsi sér hér liljur guðs orðs og kenningar, gróðursettar í huga mannsins, sbr. *dyggðablóm* í *Bænarversi*.

Hin mannlega urtagarðsmynd er tjáð í *Grafminningu Sigríðar Jónsdóttur*, orðfá og meitluð, með þremur merkingarskyldum myndhvörfum:

Sýndi það Sigríður
í siðferði öllu,

1 Í Friðþjófssögu Tegnér's er Friðþjófur sagður vaxa upp sem eik, en Ingibjörg sem rós, og eikin stríðir við storminn, sem blæs um gervalla jörð (Samtið og saga III 57). Oehlenschläger bregður upp líkum myndum: Jeg var en lille blaa, en kærleg Blomst, / som op var vokset i din Egerod (Hakon Jarl 150), sbr.: Min fader! hvis jeg er en lille Blomst – / Vel! jeg vil blomstre i din Egeskygge / Og jeg vil slynge fast mig til din Stamme (Corr. 141).

2 Þú óvitri maður! það sem þú sáir, verður ekki lífgað nema það deyi. Og er þú sáir, þá er það ekki líkaminn, sem verða á, sem þú sáir, heldur bert frækornið; . . . En Guð gefur því líkama eftir vild sinni, og hverri sæðistegund sinn líkama (I. Kor. 15, 36–38).

af hverjum rötum var runnin;
nú er hún gróðursett
af guði drottni
sjálfs hans í ódáins akur (Ljm. I 176)

Loks er skyld mynd í einu af síðustu kvæðum Bjarna:

Undrist enginn
upp þó vaxi
kvistir kynlegir,
þá koma úr jörðu
harmafuna
hitaðri að neðan
og ofan vökvaðri
eldregni tára

(Oddur Hjaltalín, Ljm. I 190)

Stoð líkingarinnar felst í næsta erindi: „Ámæli því enginn / Oddi Hjaltalín“ o. s. frv. Þar sem áður var aðeins talað um *jarðveg betra* og *ódáins akur*, er höfuðáherzlan hér lögð á hina verri jörð, líf og uppvaxtarskilyrði einstaklings í jarðneskri tilveru. Fyrst jarðvegurinn er slíkur, vökvunin slík, hlýtur jurtin að verða kræklótt, hversu gott sem fræið er.¹

Myndin kemur fyrst fyrir 1819 og tvisvar síðan fram til 1823. Aftur verða slíkar myndir algengar frá 1832 fram á síðustu ár. Hugsunin að baki er fullmótuð og fram borin þegar í *Vigfúsi Þórarinssyni*. Þar er faðirinn meiður, sonurinn hrísla og guð sá, er garðinn á. Blómmynd meybarnsins tengist þessari mynd í fullkomnu samræmi, en er tjáð bæði skýrar og betur. Hún er tengd *hýðismyndum* (bls. 39–41) og aukin að öðru leyti:

er rættist upp fyrri
en roðnaði blómhnappur

1 Evald! naar dig jeg mindes, da mørknes mit Øye med Taarer, / Rosen med nagende Orm skranten paa Heden jeg seer. / Skiebnen satte den hen i Lyng, og den drivende Regnskye / Skienkte den, sparsomt kun, enkelte qvægende Stænk. / Kroget da skiød den sig frem, halvvisnet den bukked mod Jorden, / Endnu dog uskadt en Knop stod, paa fortørrede Stilk (Evald, Poet. Skr. I 237).

Eftir þetta líður langt til næstu gerðar, en þá er myndin augin með nýjum hætti. Karlmenn eru þar *eikur*, konan *fjóla*, og inn í er aukið *angan* fjólunnar og fyllri mynd jarðneskrar urtabyggðar. Úr þessu fer myndanna aftur að gæta, enda svigrúm mikið til umsköpunar. Í einni grafminningu er lagt út af *fræinu*, í annarri er aukið inn mynd *rótarinnar*, og loks er í *Oddi Hjaltalín* lögð áherzla á *jarðveg* og ytra atlati. Mynd hins himneska urtagarðs kemur þar ekki fyrir í tengslum við jurtaarmyndina, og mótlætið verður fyrir það enn sárara.

Moldvarpa

Mynd moldvörpu er annars vegar notuð til að tjá nærsýna og lítilsiglda sál, hins vegar til þess að merkja manninn sjálfan sem tákn eðlislægrar skammsýni hans, á meðan hann er bundinn líkamanum.

Margur í manns líki
moldvörpuandi
sig einn sénan fær –
hann sér ekki lengra!
Nærsýnni skepnu
nærri það stendur
sýnist sér smærra
því sjálf er hún nær.

En hún óttast þó
það ytra hrærist,
á sig áður rak hún!
Og hvað flestir gjöra
gjörir hún eins
svo viti aðrir
hún ei vitlaus sé.

Hægast er öðrum
að herma eptir
í vætkis verðu.
Það hún gjörir,

og gjörir þú ei sama
hún hyggur þú getir ei gjört það.

Og þó alheims eðli
þér eins væri kunnugt
sem henni samþykktá heimskan,
heimskan hún þig telur
því henni er kunnug
engin æðri vizka.

Moldvörpu andinn
mun þér ei unna
óttist hann þig eigi.
Gagns hann sér leitar,
en gagns hann ei væntir
af manni sem máttlausan hyggur
(Sæmundur Magnússon Hólm,
Ljm. I 104–105)

Aldrei hann heimskan aldar blekkti,
óskiljanlegt að nefna rangt,
maðurinn vitri mannsvit þekkti,
mannsvit hann sá að nær ei langt,
fjarlæggra sólum fjærstu á
fært er moldvörpum ekki að sjá
(Eptir síra Gísla Brynjólfsson, Ljm. I 144)

Maðurinn er eins og moldvarpa, sér ekki út fyrir þann
þrönga hring, sem jarðlífið markar honum.¹

Nærsýn önd, og nærsýn sjón,
neitt á stöðvum hærrí
sér fjærri
fær ei grillt, það heimsku hjón
hyggur einsog drambsamt flón
heim ei sjónar hringi sínum stærri
(Kobbi á Hamri, Ljm. I 179)

1 Nouredin: Ney, / Jeg er en Jordeboer, Ven! som I. Kiøbmanden:
En Muldvarp! (Aladdin, Poet. Skr. II 256).

Í þessu tilviki eru líkami og sál álíka sjónþöpur, og maðurinn ályktar út frá eigin þröngum sjóndeildarhring. En mannsálin getur búið yfir öðrum eiginleikum, hugarflugi, guðdómsneista, sem vísar henni til réttis vegar (*Sveinn Pálsson* o. fl.). Slík sál er ekki nærsýn, þótt líkaminn hefti hana. Moldvörpumyndin kemur fyrst fram um 1822, aftur um 1827 og 1837.

Allar endurteknar myndir mannsins sækja efnivið sinn til náttúrunnar.¹

3. Líf, forlög

Ævisól, ævidagur

okkar þá stuttr endar
æfi þessrar dagr
vitum at eina eigum
ælífa nótt at sofa

(Eptir Catullus, Ljm. I 9)

Í frumkvæðinu er myndin söm:

nobis cum semel occidit brevis lux,
nox est perpetua una dormienda (Cat. 6)

Mynd þessi er algengust í erfiljóðum, samhliða myndinni *ævisól*. Í fyrri gerð erfiljóðs eftir *Stefán Þórarinsson* segir svo:

Þó lengi skíni röðull
á löngum degi
sólar menn sakna
þá sól er runnin (Ljm. II 131)

Myndinni hefur verið hafnað í þessari gerð, og er ástæðan líklega sú, að svo má skilja hana sem ævi Stefáns hafi verið

¹ Til viðbótar má tilgreina þessar myndir: sem meina sauðir fram eg fer / er fljóts með bökkum ganga / og við niðinn opt á sér / eru að leggja vanga (Ljm. I 68). Herrann er minn hirðir, / hvörgi mun mig bresta, / lætur á grænum grundum / mig ganga til beitar / og mig leiðir ljúfur / lind að rennandi drottinn, / velur mér svo vökvan / að vatnsbóli hreinu (Ljm. I 84).

orðin helzt til löng. Í lokagerð er gripið til myndhvarfa í stað dæmisögulíkingarinnar:

ok eptir skírast
skin ok langvinnt
rann hans æfisól
í ægi dauða (Ljm. I 122)

Breytingar í handriti eru margar, en verða ekki taldar hér, því að hugsunin er alls staðar hin sama. Í öðru kvæði fatast Bjarna tókin, er hann hyggst enn búa sömu hugsun mynd:

Er þegar öflgir
ungir falla
sem sígi í ægi
sól á dagmálum
(Grafminning Þórarins Öefiords,
Ljm. I 127)

Hér er það ekki ævin, heldur maðurinn sjálfur, sem líkt er til sólar; það er sem sólin setjist í dögum og allt myrkvist, þegar slíkir menn falla frá. Oddur Hjaltalín gagnrýndi þessa stórorðu samlíkingu í bréfi til Bjarna.¹ Vísan er varðveitt í fyrri gerð þannig:

Í dauða gekk ægi
á dagmálum æfi
í þessa gröf lagðr
Þórarinn Öefiord (Ljm. II 136)

Hugsunin er hér tjáð með myndhvörfum, merkingu orðsins *dagmál* er breytt. En í lokagerð kvæðisins er samanburður mannsins og hinnar raunverulegu sólar skýr og afdráttarlaus og felur í sér röskun á lögmálsbundnum gangi himintungla og myrkvun jarðar. Í kvæðinu *Til Rannveigar* eru myndhvörfin tekin upp að nýju í stað samlíkingarinnar, mynd manns, sem mikils er af vænt, en deyr fyrir aldur fram:

1 Óðinn I 51.

Þó æfisól gengi
þíns ektamaka
í dapran dauða sjó
á dagmálum,
betri er dagur stuttur
blíður og fagur
lengri sóllausum
sírignanda

(Til Rannveigar, Ljm. I 131)

Í fyrra upphafi erfiljóðs eftir *Benedikt Gröndal* er enn notuð mynd ævidagsins, að þessu sinni í dæmisögulíkingu:

Erat döpur dimma
þá dregur at nóttu blíðri
eptir hriðardag harðan
á hausttíma síðla –
Sætur er svefninn þreyttum,
sætur dauði langþjáðum (Ljm. II 148)

og kveða vissan
veittan hönum
æfi fegurstan
aptanroða ¹ (Friðriksljóð, Ljm. I 152)

Ei skulum gráta setzta sólu,
sem eptir langan æfidag
heima skilnaðar-fjöllin fólu,
því fegri nú, með betri hag
ljómar hún fyrir æðri öld,
hvar enginn lítur nokkurt kvöld
(Við jarðarför Guðrúnar Stephensen,
Ljm. I 156)

1 Nu daler Solen; kun en liden Stund / er end tilbage af min Aftenrøde (Hakon Jarl 63). og derfor vil jeg nyde / min Aftenstund. Min Sol skal synke ned / i rolig og i herlig Purpurrødme, / og ve den Sky, som vil fordunkle den (Hakon Jarl 57). Den skønne Drøm, at Aftensolen skulde / forgyldte denne Tinding, før den sank, / er svundet hen (Hakon Jarl 125).

Í fyrri gerð í handriti hefur staðið: „Ei skulum kvenna syrgja sólu,“ þ. e. þá, sem var sól meðal kvenna, bar af konum. En í endanlegri gerð er einkunninni sleppt, og upp kemur þessi djarfa mynd, sem bergmálar skömmu síðar:

Nú er nótt
í Norður sýslu!
rann í dauðasæ
dagstjarna hennar

(Þórður Björnsson, Ljm. I 161)

Geymdir voru okkar öld
undrahlutir slíkir,
að á henni skyldi eiga kvöld
Osmans kyn og ríki

(Tyrkjaveldi, Ljm. I 187)

Í kvæðunum kemur einnig fyrir *kvöldlaus dagur*, mynd eilífs lífs.

Hlægir mig að ganga
geigvænu myrkvu
dyrnar að
degi kvöldlausum

(Solatium, Ljm. I 70)

Kvíð ei að deyja frá dauða
og dag sjá kvöldlausan

(Dauðinn, Ljm. I 88)

hvar enginn lítur nokkurt kvöld:

— — —

eilífðar morguns rjóð í roða
röðulhrein glansar engilmey

(Við jarðarför Guðrúnar Stephensen,
Ljm. I 156–157)

Á sama hátt er dauðinn táknaður sem *nótt* – eða *haf*, þar sem ævisólin sezt.

Mynd *ævidags* getur vart talizt sprottin af mynd *Catullusar þýðingarinnar* (1809). Í næstu gerðum þar á eftir (1823–25) er mynd *ævisólar* algengust, og ævidagsmyndin kemur upp í tengslum við hana. Breytingar verða helzt á þann hátt, að aukið er inn samkvæmum, tengdum myndum: *dauðasjór*, *dagur*, *dagmál*, *aftanroði*, *kvöld*, *nótt*. Að baki flestra myndanna býr sú hugsun, að maðurinn sé í lífi sínu leiðarljós og miðli öðrum af gnótt sinni. Hugmynd stuttrar ævistundar, sem felst í mynd *þýðingarinnar*, kemur helzt fyrir í fyrri gerð erfiljóðs eftir *Benedikt Gröndal* (1825), tengd þar myndum *mótviðris*, *dauðamynd nætur* og mynd *grafar-svefns*. Í kvæðinu *Við jarðarför Guðrúnar Stephensen* (1832) er konunni líkt við *sól*, sem ljómar annars heims eftir langan ævidag. Framhaldslífi „sólarinnar“ er aukið inn í myndina í þessu kvæði og eins myndinni *skilnaðar-fjöll*, sem sólin hverfur að baki.

Bjarni hefur aldrei náð því valdi yfir þessari mynd, að hún jafnist á við beztu myndir hans. Hann er alla tíð að leitast við að fullkomna hana með því að auka hana samkvæmum myndum. Mynd ævidags og sólar verður því sett fram skýr og rökrétt í sjálfri sér, en stirð og sjaldnast stórbrotin. Í *Þórði Björnssyni* er embættismaðurinn *dagstjarna* umdæmis síns og rennur í *dauðasæ*, en landið myrkvast *sorgar sorta*. Þar kemur enn fram sú hugmynd, sem fyrir Bjarna hefur vakað í fyrri erfiljóðum embættismanna.

Straumur

1) *Lífs- og forlagastraurmur*

Lífið og forlögin eru oft tjáð í mynd þungs straums eða elfar.

Forlaga straurmur hann bráðfluga ber

(Riddaraljóð, Ljm. I 46)

Myndhvörfin er ekki að finna í frumkvæði né fyrri gerð þýðingar:

Das rasche Schicksal, es treibt ihn fort
(Schiller 447)

Bráðfleyg hans forlög hann bera með (sér)
(Ljm. II 53)

mjúkt þér bendandi
upprétt að ganga
mót örlaga straumi
(Til Rannveigar, Ljm. I 133)

Notkun myndhvarfanna hér minnir á myndir næstu deildar (2), svo nátengd eru örlögin – og jafnvel lífið mótlætinu.

En strauminn hann kljúfandi lagði fram leið,
sem lífstraum í mótlæti
(Kötlukvísl, Ljm. I 129)

Straumi í eiginlegri merkingu er líkt við straum í óeiginlegri merkingu, en slík myndbeiting er óvenjuleg í kvæðunum. Oftar eru óáþreifanlegir og illtækir hlutir tjáðir í áþreifanlegri myndum, og sýnir myndin, hversu mjög lífið hefur tekið á sig þetta gervi í huga Bjarna.

Láttu drumba fúna fá
fljóta í lukku glaumi,
lystugur brekku leitaðu á
sem lax ámóti straumi
(Ljm. II 264, til Odds Hjaltalíns)

Í handriti hefur fyrr verið ritað: „lystugur forlög leitaðu á.“

En þú sem undan
æfistraumi
flýtur sofandi
að feigðarósi,
lastaðu ei laxinn
sem leitar móti
straumi sterklega
og stiklar fossa
(Oddur Hjaltalín, Ljm. I 192)

2) *Mótlæti, mótbýr*

Þykir sumum mönnum mest
mótgangs vera bára,
að þeir ekki fá sinn fest
fót að baki Kára

(Að baki Kára, Ljm. I 30)

Sker hefir skrapið í firði,
skrapir heims um aldur,
en þess bringa brýtur
boða nú sem áður.
Minnkun er manni að vera
minni kletti dauðum
og brjóst sitt bilast láta
boðum mótlætis

(Þrjár vísur, Ljm. I 90)

Þetta er skemmtilega gerð vísa. Myndhvörfin tvö, *bringa skers* og *boðar mótlætis* tengja efnisatriðin saman; orð, sem á við manninn, er notað um skerið, og orð, tengt skerinu, er notað um aðstæður mannsins. Þá eru orðin söm í báðum tilvikum, *bringa-brjóst*, *boða-boðum*.

brotnuðu boðar mótlætis
á baki þér sjálfir,
en seggir sáu þig standa
hinn sama og áður

(Sveinn Pálsson, Ljm. I 189)

Fyrstu tvö vísuorðin hafa upphaflega verið þannig: „Böl þó þér báðum að hliðum / beindist að utan,“ þ.e. andstæður hins ytra og innra. Síðan eru myndhvörf upp tekin: „Böls þó að bylgjur að hliðum“ o. s. frv., en þá er sett inn í staðinn orðið *boði*: „Böls þó að boðar þér skylli / að baki og hliðum.“ Lokagerðin er sýnu bezt. Með orðinu *sjálfir* er dregin fram ný merking sagnarinnar, maðurinn „brotnar“ ekki undir mótlætinu.

En með þessu er ekki allt upp talið. Tvær vísur bera yfirskriftina *Um móttöðu manna*, en hún mun ekki frá Bjarna komin. Báðar vísurnar eru lýsingar á svaðilförum, og í þeim kemur fram sú mannshugsjón, sem er öllum þessum myndum sameiginleg og er af sama toga og hugmyndir þær um jarðlífið, sem vetrarmyndirnar birta. Fyrri vísan hljóðar svo:

Stímabrák er í straumi,
stend eg þar undir hendur,
boðar um báðar síður
og brjóst mér hnellnir skella.
Á tæpu veð eg vaði,
vefst mér grjót fyri fótum,
klýf eg samt strauminn kræfur
og kemst án grands að landi
(Ljm. I 59)

Auk greinilegs skyldleika við myndirnar næstar hér að framman má rifja upp fyrri tilvitnun í *Kötlukvísl*:

En strauminn hann kljúfandi lagði fram leið,
sem lífstraum í mótlæti (Ljm. I 129)

Síðari vísan fer hér á eftir:

Harðan mótvind að hreppa
hart er meðan það stendur á,
samt vil eg síður sleppa
sæluhöfn góðri, en meðbyr fá,
er mig ber til illra staða,
auðnan lér þá tóman skaða –
hnaukið er, sem hvíldina gjörir glaða
(Ljm. I 60)

Síðar kemur fram svipuð mynd:

Einn á báti úti hafi
eg sit hér við norðurpól,
mín vill kænana mara í kafi,
megn er stormur, engin sól!

Enn á bátnum ekkert brast,
 ef eg sæki róðurinn fast
 faðir storma forðar grandí
 og fleytir öllu heilu að landi
 (Einn á báti, Ljm. I 168)

Í tengslum við *blómmyndir* (III 2) eru myndir, skyldar þessum. Mótlætið er þar tjáð í mynd ýmissa veðra, sem mæða á „jurtunum“.

auðt á allar síður
 er fyri stormi og frerum
 (Vigfús Þórarinsson, Ljm. I 63)

vestan eg varði hann gusti,
 varði hann mig austanblástrum,
 vatnsflóð hann rætti frá rótum,
 ráð eru færri en áður,
 skjól þó samt ekkert skýli
 skal ei vind hræðast svalan
 (Saknaðarvísa, Ljm. I 126)

Skyldleika má víðar finna:

eptir hriðardag harðan
 á hausttíma síðla
 (Benedikt Gröndal, Ljm. II 148)

Ekki er hollt að hafa ból
 hefðar uppá jökultindi,
 af því þar er ekkert skjól
 uppi fyrir :: frosti, snjó né vindi ::
 (Selskapsvísa, Ljm. I 164)

Fyrsta gerð *lífsstraumsmýnda* er frá 1824, en myndin breytist talsvert í síðari gerðum. Aukið er inn mynd *laxins*, sem leitar upp í strauminn, *fúadrumbi* og *feigðarós*. Forboða *mótlætismýnda* má greina í kvæði frá 1812, en síðan taka við þrjár mjög markverðar, ótímasettar myndir.¹ Erfiðleika í

¹ Þ. e. *Um móttöðu manna*, báðar vísurnar, og *Sker hefjir skrapið í firði*.

einkalífi táknað Bjarni oftast sem baráttu við óblið náttúruöfl. Persónuleg kvæði þeirrar tegundar má einkum rekja til tveggja tímabila í ævi hans, 1818 og 1835–6. Í bréfi frá fyrra tímabilinu segir svo m. a.:

Eg hefi í Sumar haft privat Opægilegheit af þeirri tilfinnanlegustu Tegund, enn það hefir ei fengid miög á mig, mér finnst þvertámóti að eg hafi vid það hardn- ad í Skapi (Bréf I 9, til Gríms Jónssonar 12. sept. 1818, sbr. bréf til Gríms Thorkelins, Ljm. II 81).

Eftirfarandi ummæli eru úr bréfi frá síðara tímabilinu:

ef einhvör kynni að lasta mig fyrir það að eg ecki vildi hlaupa frá Stýrinu í Storminum (Bréf I 229, til Finns Magnússonar 14. feb. 1836).

Síðara tímabilinu eru með vissu tengd kvæðin *Einn á báti* og *Selskapsvísa*, sem fela í sér myndir, náskyldar myndum vafakvæðanna, og ekkert mælir á móti því, að þau síðar- nefndu séu ort 1818 (Ljm. II 69–70, 100).

Þessar myndir eru tvenns konar. Önnur gerðin felur í sér líkingu manns, sem á við erfiðleika að stríða, og manns, sem veður þunga strauma. Fullkomnun er náð með myndinni í erindinu *Sker hefir skrapid í firði*, en sú mynd er tekin upp aftur í *Sveini Pálssyni* (1840), tengd annarri, óskyldri mótlætismynd. Síðari gerðin geymir líkingu erfiðleika í einka- lífi við siglingu í úfnum sjó. Slíkar myndir eru tvær og breytingar ekki miklar. Loks er skyld mynd tengd hinum elztu *jurtarmyndum* (1819–24), mótlætið er þar táknað í myndum illra veðra, sem herja á gróðurinn.

Forlög, hönd almættis

Afstaðan er að miklu leyti hin sama til þessara tveggja utanaðkomandi afla, svo að ekki er unnt að greina mynd- irnar sundur. Minna má á, að í erindinu *Einn á báti* er guð nefndur *faðir storma*, hann býr að baki mótlætinu og færir sálirnar nær sér fyrir tilverknað þess.

Mögláði ei mær,
 en meður elsku
 kyssti hún heilaga hönd
 er hana þjáði

(Sigríður Thorarensen, Ljm. I 35)

Upphaf þessa erindis hljóðar þannig í fyrri gerð í handriti:
 „Fann hún þá / þunga guðs / höndu harðlega / að hvíla sér
 yfir. / Mögláði ei mær / því mildan hún vissi . . .“

og drottins höndu þolinmóð
 kyssti hún þá hana þjáði sóttin
 (Við jarðarför Guðrúnar Stephensen,
 Ljm. I 156)

sverð er hann felldi
 særir þitt hjarta.
 Mundu það er guðs hjör
 er við hjarta þér kemur
 og höndin helgasta
 er hrellir þig.

— — —

þó undir svelli
 af hins ljúfasta
 lækni járn (Til Rannveigar,
 Ljm. I 130–131)

Líkar myndir eru teknar upp í síðari kvæðum, en þar eru
 það forlögin, sem beita egg og oddi.

Forlaganna hlærðu und' hníf,
 hetju það er síður
 (Vísur til Odds Hjaltalíns,
 Ljm. II 263)

þá hneit þér hjarta it næsta
 hjörinn forlaga —

— — —

Örlaga örvar því náðu
þig aldrei að fella¹

(Sveinn Pálsson, Ljm. I 189)

Í mótlæti þessara mynda felst ekkert guðs réttlæti, það eru óumbreytanleg forlög, sem því ráða.

Mótlæti og þjáningum kvenna er tíðum lýst þannig, að *hönd guðs* sé að baki, en í kvæðinu *Til Rannveigar* (1823) er myndin aukin. Sú hugmynd, að embættismenn, sem láta lífið, er þeir sinna skyldustörfum, séu eins og hermenn, fallnir í bardaga, hefur verið Bjarna ofarlega í huga, er hann orti kvæðið. Því segir hann í 1. erindi:

sverð er hann felldi
særir þitt hjarta

Síðan kemur mynd guðs handar á ný, þegar hugsunin beinist til ekkjunnar. Sverðið er guðs hjör, járn hins ljúfasta læknis. Báðar síðast taldar myndir eru endurvaktar í síðari kvæðum, en tengdar þar forlögnum, enda er þar lýst karlmönnum í hetjulegri baráttu við erfið ytri skilyrði. Bezt er hugsunin orðuð í *Sveini Pálssyni*:

þá hneit þér hjarta it næsta
hjörinn forlaga

Leið, vegur

Stoð þessara mynda er jarðlífið, en þær koma fyrir í tveimur kvæðum.

skyldi ei geigvæn að ganga
gatan hin myrkva til ljóssins!

1 Í *Sæmundi Hólmi* er mótlætið ekki táknað í mynd vopna örlaganna, heldur eru vopnin í höndum þeirra, sem mótlætinu valda: Hví var hann hrekkvísra / og heimskra skotmál, / og fal að hjarta snúið / þá faðm hann bauð? ... Magnlitinn sá eg / margan heigul / vega hvar hann vissi / vörn fyrir litla (Ljm. I 104–105).

Leiðin er lengri eða skemmri,
 liggur að stigi þó sama,
 bættur er hvör sá sem bíður
 bezta veginn og skemmstan.

— — —
 Á lengstu leið til dauða
 lýðir þar samferða
 opt hvor öðrum gjöra
 örðug að verði ferðin

(Jónas Stephensen, Ljm. I 98–99)

Endurtekning er í kvæði, ortu skömmu síðar:

Á lestaferð fjölmennri
 að líkstaða tjaldstað
 ferðamenn fjóna
 förunauta,
 búi þeir ekki
 bagga sína,
 sjálfir þó þeir eigi,
 svo sem aðrir.

Því var Sæmundur
 á sinni jarðreisu
 opt í urð hrakinn
 útúr götu,
 því hann batt eigi
 bagga sína
 sömu hnútum og
 samferðamenn

(Sæmundur Magnússon Hólm,
 Ljm. I 104 og 106)

Mynd lífsleiðarinnar er talsvert aukin í síðara kvæðinu. Lífið er þar nefnt *lestaferð* til grafar, í tengslum við hana er myndin að búa bagga sína, og þar sem í fyrra kvæðinu var aðeins talað um, að samferðamenn gerðu hvor öðrum

oft erfiða ferðina, er í hinu síðara brugðið upp þeirri mynd, að menn eru hraktir í urð út úr götu. Loks má benda á eldri mynd lífsbrautar:

Maður því horfirðu fram? Ég lít eptir veginum fremri. –
Maður horfðu þér nær! liggur í götunni steinn
(Ljm. I 90)

Tímasettar myndir eru frá 1820 og um eða eftir 1822.

Aðrar mótlætismyndir

Opt var þó nefndur
óróamaður
ef hljóðaði undir höggum
(Sæmundur Magnússon Hólm,
Ljm. I 103)

Elskulegi Oddur minn
andskotinn
párar í þínum plöggum!
Angrar mig það æ til sanns
ef þú hans
hljóðar undir höggum
(Vísur til Odds Hjaltalíns,
Ljm. II 266)

Í bréfi til Finns Magnússonar 1818 eru þessi ummæli:

enda vorkénni eg hvörjum einum sem Qvöl lídur þó
hann hliódi enn það giöra menn sialdan eptir Nótum
(Bréf I 155).

Þessi hugsun er tekin upp í kvæði löngu seinna:

Enginn ámælir
þeim undir björgum
liggur lifandi
með limu brotna,

og hraunöxum
holdi söxuðu,
að ei hann æpir
eptir nótum

(Oddur Hjaltalín, Ljm. I 190)

Hugmyndin kemur fyrst fram 1818; 1822 eða þar um bil er að finna þau myndhvörf, að menn hljóði undir höggum, og 1837 er sú mynd tengd Oddi Hjaltalín. Upphafshugmyndin er endurtekin mjög aukin 1840. Allar myndirnar eiga við það, að menn kveinki sér undan mótlæti, en hin síðasta er miklu áhrifamest (sbr. bls. 87).

Farg harma

Hrygg er ek Malda
ok und harma þunga
mun ek máttfarin
til moldar hníga

(Sigtryggur, Ljm. I 20)

Myndhvörfin eru fengin úr frumkvæði þýðingarinnar:

Jeg synker under min Smertes Byrde (Skand. Litt. 352)

Sá helzt til var harmurinn þungur
(Kötlukvísl, Ljm. I 129)

og þegar harma
björg og vanheilsu
á brjósti hönum lágu,
brauzt hún undan fargi

(Oddur Hjaltalín, Ljm. I 191)

Elzta myndin er frá 1809, svipaðri bregður fyrir 1824. En 1840 er myndin tekin upp aftur, mjög aukin og miklu áhrifameiri en hinar fyrri. Styrkur hennar felst í því, hve hún er tilfinnanleg, *björg á brjósti* (sbr. bls. 89).

Auðug önd

Myndirnar koma fyrir í síðustu erfiljóðunum, en hugsun annarra kvæða er skyld, einkum *Jóns Jónssonar*.

Frjáls þinn og auðugur andi
sér átti og nýtti
álfaslot hvörjum í hamri
og hægindi í skýjum
(Sveinn Pálsson, Ljm. I 189)

Önd hans þó var auðug
(Oddur Hjaltalín, Ljm. I 191)

Báðum myndunum er tengdur samanburður fátækra, erfiðra aðstæðna (sbr. bls. 89). En í síðari myndinni er lýst ánauðugri sál, í hinni fyrri anda, sem er frjáls, „sem firrtur væri bandi / moldar mannglegrar.“

Fátækt persónugerð

Bjarni persónugerir stundum ýmsa eiginleika eða tilfinningar, hamingju, hryggð, gæzku, samvizku, en aðeins ein slík mynd er endurtekin, mynd fátæktarinnar.¹

fyrir ek aldregi
fátækt reiddist
en er hún angrar þik
ellihruman
ok hindrar mik
hjálp þér veita
(Til Jóns prests Þorlákssonar,
Ljm. I 55).

fátækt hönum fylgdi
á fundi alla,
— — —

1 Og hamingjunnar: Blíðan móti breiðir hún mér / barm um möðru grundir (Ljm. I 72), Hamingjan feti / þér hýrleit að fleti (Ljm. II 259) ætíð hönum / heims sig hamingja / hverfula sýndi (Ljm. I 191).

á líkn við fátæka

fátækt sína ól

(Oddur Hjaltalín, Ljm. I 191)

(Sbr. bls. 88).

4. Feigð

Feigðarkuldi

Í fyrri kvæðum er kuldinn einkum tákn Íslands og norræna eðliskosta (Ljm. I 39, 56, 81–2, 119), þar sem andstæðan, sól og hiti, eru tákn suðursins og alls, er þar býr. Í síðari kvæðum, eftir að náttúrukvæðum sleppir, fá þessi fyrirbæri tvö nýja merkingu, ný andstæðutengsl myndast. Kuldinn verður tákn jarðlífsins, síðar feigðarinnar, birta og ylur sólar tákn þess lífs, sem við tekur. Forboða þessara mynda má greina í *Vetrinum*, þar sem sagt er, að Vetur konungur ríki yfir allri jörð:

því vill ei heldur

þiðna á vori

himinhrím

á höfði öldunga¹ (Ljm. I 121)

Litils háttar hliðstæður má víðar finna, feigðarboðann í *Vigfúsi Þórarinssyni*, umhverfismynd í *Jóni Jónssyni*, tvær síðari fiðrildismyndir. En hinar raunverulegu myndir feigðarkulda eru tvær og báðar í kvæðum frá síðustu ævi-árum Bjarna.

Það voru frostrósir

feigðar kulda,

harmahlátrar

og helblómstur

(Oddur Hjaltalín, Ljm. I 191)

¹ til Alderens Sneer farver Lokkerne hvide (Digte 209). Alderens Sneer / dækker min Isse (Digte 165, sbr. Poet. Skr. I 24). Haustlitur kominn á einstöku Hár í Höfði mér (Bréf I 29).

Af feigðarheima fjöllum snæs
í míns hjarta
innstu parta
eilífs dauða andinn blæs!

Helfrosið svo það af því er,
þó á það skíni, ei
á því hrína
guðdóms sólar geislarnir
(Bænarvers, Ljm. I 193)

Kvæðið, eitt hið persónulegasta, sem Bjarni orti, er allt reist á slíkri mynd. Hann biður, að andi guðs, „helgidóms sólin“, þíði hjarta sitt og græði dyggðablóm, þar sem fyrr var dauðans ís.

Feigðarhljómur

Auk þess, sem fyrr er getið, koma feigð, söknuður og dauði fyrir, táknuð í hljómmyndum.

Heyri ek hljóm
í húmi lágan,
áttu úr
aldurtila

Næsta erindi hefst á samlíkingu, en við tekur ný aðalsetning, sem felur í sér myndhvörf.

Er sem á
útsynnings klökkum
leiki ná-klukkur
á lopt-rambhöldum.
Unnir blár
ómi dimmum
flytja feigðar-ljóð
fjarðar skerjum.

Er sem mér
 í eyra hvísli
 dauða-frétt
 dapur hljómur –
 andar kalt
 útsynningur
 sem yfir lík
 liðið hafi

(Jón Jónsson, Ljm. I 49–50)

Ömurlegur hljómur í lofti, á legi og jörðu. Myndin er studd af orðavalinu, hljómurinn kemur úr átt aldurtila, þar sem dagur deyr, en nóttin ríkir, það er sem náklukkur hljómi í klökkunum, öldurnar flytja feigðarljóð dimmum ómi, hljómurinn er dapur, útsynningurinn andar kalt, eins og hann hafi liðið yfir lík. Um leið og hljómmyndin nær jörðu, verður hún sterkari og nálægari vegna vals orðanna, *dauða-frétt, lík*, hljómurinn *hvislar* í eyra.

Í næstu mynd þessarar tegundar er hljómurinn ekki hvísl, heldur þungur niður, en myndin er að sama skapi áhrifaminni.

Hvör er sá niður
 í norðri heyrir
 sem harmahljóð
 hljómi í fjarska?
 Erat þó kvein
 sem konur sýti
 né ópi líkt
 ungra barna

Í gerð B₁ eru aðeins fyrstu tvö vísuorðin, þá er hljómmyndinni lokið. En í lokagerð er haldið enn áfram:

Er sem hermanna
 í einu sýti
 stálklædd fjöld
 við foringja lát,

ok af sítum svá
svelli hjarta
at brjósti frá
brynjan springi

Í handriti er fyrr: „og sem harmbylgja / frá hjarta runnin / belgi brjóst, / brynjur springi.“

Eða sem frón
fjalls und' rótum
hristi hart
helstriðs skjálfti –
Eða dauði sjálfur
dapurt andvarpi
sendur nauðugur
at sækja prúðmenni.

Hermir sá hljómur
harmatölur
ýta í ítrasta
Ísaláðs hluta

(Stefán Þórarinsson,
Ljm. I 121–122)

Þessar stórorðu myndir tjá harm Norðlendinga. Í þeim má greina þá hugsun, að embættismaður sé eins og herforingi, sem berst fyrir föðurland sitt, og ennfremur hvílíkan skaða Ísland hafi beðið við lát Stefáns. En í vali myndanna er skotið yfir markið; hermanna líkingin er beinlínis skopleg. Í gerð B₁ segir m. a.:

hví er allt þetta
sem hvað öðru
syngi saknaðar-
og sorgar-ljóð? (Ljm. II 130)

Þessi orð kalla fram í hugann myndina *feigðarljóð unna í Jóni Jónssyni* og aðra, sem síðar varð til, um „valkyrjur ísa“:

og sem við fjörur fósturjarðar
 feigðir boðandi kveðið ljóð
 (Eptir síra Gísla Brynjólfsson,
 Ljm. I 143)

Mynd klukkanna kemur aftur fyrir í einu af síðustu kvæðum Bjarna:

Klingir mér fyrir eyrum ómur
 eilífðar Líkabangar róms,
 svo mér virðist að sé það hljómur
 samhringingar til Mikla dóms
 (Suða fyrir eyrum, Ljm. I 186)

En að þessu sinni átti hljómurinn sér líffræðilegar orsakir.

aldrei rétt frískur og verstur var mér nockurskonar
 Slióleiki í Höfði, af Sudu fyrir Eyrum, sem eg stundum
 hugsadi að væri Daudans Kattamusik (Bréf I 246,
 1839).

Fyrst og fullkomnust er myndin frá 1817, en hún er ort upp með ýmsu móti.

Mynd feigðarhljóms getur ekki talizt endurbætt í síðara erfiljóðinu. Þær myndir, sem á eftir koma, eru allar endurtekingar hinnar fyrstu, bæði *klukknahtjóðið* og *feigðarljóð* í náttúrunni.

5. Gröfin

Beður

Heyri eg . . .
 . . . lúin bein
 að beði lagt hafa
 mjúkum uppreiddum
 mönnum öllum
 (Sæmundur Magnússon Hólm,
 Ljm. I 102)

Í fyrri gerð segir: „íturmjúkum oss / öllum búna“.

en gróður þó minni í mjúkhljújum vind
 í svefnskála dauða berst annara að
 yfirsængunum (Vorvísá, Ljm. I 133)

Upphaflega hefur verið skrifað: „að hinum berst leiðun-
 um“, en það breytist síðan í átt til myndhvarfanna. Kirkju-
 garðinum er hér líkt við svefnskála, þar sem eru beðir hinna
 látnu. Síðan segir í sama erindi:

hinn blíðlyndi blundar hér undir

Þessi mynd kemur aðeins fyrir í tveimur kvæðum, sem ort
 eru 1821 og 4. Hennar sjást þó víðar merki, sbr. næstu deild,
 en þar er hliðstæðan falin í hinni tengdu mynd *dauðasvefns-
 ins*, sem kemur fram sjálfstæð í eftirtöldum dæmum:

og blunda cypressum
 sorglegum undir,
 unz þá engillinn
 upp mun kalla

(Hinir látnu, Ljm. I 45)

blunda mjúkt
 á mararbotni

(Jón Jónsson, Ljm. I 52)

Er Stephán hné
 til hvíldar þreyttur

(Stefán Þórarinsson, Ljm. I 122)

Unntust þessir ættmenn ofan jarðar
 saman sofa und' jörðu
 og vona að vaknaðir verði ei aðskildir

(Grafminning Þórarins Öefiords og frænd-
 fólks hans, Ljm. I 135)

Sætur er svefninn þreyttum,
sætur dauði langþjáðum

(Benedikt Gröndal, fyrri gerð,
Ljm. II 148)

Ertu nú sofnuð, mín systir!
þeim svefninum langa!

— — —

Blundaðu sætt nú, mín systir!
þú svafst aldrei lengi!
Svefninn þar fekkstu þann fyrstan
í fullkomnu næði

(Við gröf móðursystur minnar,
Ljm. I 170)

Þegar eg hugsa til þín verdr Oehlenschl. ockar mér
ætíð idea socia, hann er sem þú í sumu Mótlætismad-
ur, en skortir ei Sæmdina og ei mun hún mínka þegar
þú erud komnir í dimmu Sængina á síðan (Bréf til
Finns Magnússonar 1837, Bréf I 241)

Í tveimur kvæðum er dauðanum lýst þannig, að engill dauð-
ans ber *svefngras* á augu hinna sjúku (Ljm. I 36 og 136).

Grafarhús

Æ hvörsu sætt
þeir sálugu hvíla
að hvörra bústöðum
hugur minn leitar,
æ hvörsu sætt
þeir sofa í gröfum
djúpt til rotnunar
í dupst of sokknir

(Hinir látnu, Ljm. I 44)

Sér ek rof
á svörtu skýi

ok stjörnu staka
standa í rofi,
eins ok dag
eilífðar sjái
glugga gegn
um grafar skína

(Jón Jónsson, Ljm. I 52)

Um svefnskála dauða er áður rætt, en hér er gröfin í mynd lítils einbýlishúss.

Þungur er svefn í þröngu grafar inni
(Úr kvæðum Ossíans, Ljm. I 168)

Í frumkvæðinu er svipað komizt að orði:

Thy sleep is long in the tomb (Oss. 326)

Mynd þessi er bezt og fegurst tjáð í kvæðinu *Við jarðarför Þórunnar Bjarnadóttur*, sem hugsun um hvíld að loknu jarðstriti ber uppi.

Lágt niðrí húsinu hlýja –
þar heyrast ei stormar!

— — —

Vel hlífir þakið hið þykkva
á þrönghýsi grafar –
Verði þér vært þar í myrkri,
þú vaknar í ljósi (Ljm. I 170)

Loks er bergmál þessarar myndar að finna í *Kobba á Hamri*:

Gröf ef býli eilíft er (Ljm. I 178)

Í tengslum við flestar þessara mynda er dauðinn svefn líkamans, unz engillinn kallar, en nokkrar myndir fela í sér þá hugmynd, að sálin hvílist einnig. Lokamynd *Solatii* virðist jafnvel fela í sér, að dauðinn opni leið beint inn í eilífðina (Ljm. I 70), en um myndir dauðans verður nánar rætt í yfirlitskafla.

Myndir *grafarsvefns*, *hvílu* og *húss* koma helst fyrir á árunum 1817–1825. Um þessa hugsun er svo ort heilt erfi-
ljóð 1836, og um það leyti má aftur finna spor myndarinnar.

6. *Dauði og eilíft líf*

Hér á undan hefur dauðinn komið fyrir í ýmsum mynd-
um. Hann er lausn sálarinnar frá hýði eða fjötrum líkamans,
uppræting jurta og flutningur í betri jörð. Þá er hann haf,
þar sem ævisólin sezt, nótt, er líkaminn hvílist, en oftár
svefn eða blundur til dómsdags. Til viðbótar skal þess getið,
að hann er á einum stað í mynd *ljósmóður* við endurfæðingu.

og er ljósmóðir lýða
til lífsfæðingar gæða
(Hræðist ei drengur dauða,
Ljm. I 53)

Í öðru dæmi er guð í mynd ljósmóður.

Því ljóssins faðir
er þar ljósmóðir
og hjúkrar nýkomnu
himinbarni –
Laugar það sjálfur
af saurindum heims
sá hinn kæri Kristur
(Til móður minnar, Ljm. I 147)

Um sálina er sagt samkvæmt þessu:

eilífðar morguns rjóð í roða
röðulhrein glansar engilmey
(Við jarðarför Guðrúnar Stephensen,
Ljm. I 157)

sjálf er hún nýfædd himinmey
(Einsog hún Psyche, Ljm. I 185)

Um myndina *kvöldlaus dagur* er áður fjallað, en yfirleitt gegnir *ljósið* miklu hlutverki í kvæðunum, til þess er guð kenndur og ríki hans.

og ljómandi flaug
til ljóss uppsprettu

— — —

hátt til hæða
höfundar ljóssins blíða.

— — —

líf og ljós að finna
(Sigríður Thorarensen, Ljm. I 36, 37, 38)

ljóss ok lífs
lávarð helgan

(Jón Jónsson, Ljm. I 51)

gatan hin myrkva til ljóssins
(Jónas Stephensen, Ljm. I 98)

Frá unnunum svörtu til ljósheima leið
(Kötlukvísl, Ljm. I 128)

Léttfært flýgur það
til ljósheima drottins
og angurs einkis kennir
(Til móður minnar, Ljm. I 147)

foreldra ljóssins föður hjá
fagnaði hún að mega sjá
(Við jarðarför Guðrúnar Stephensen,
Ljm. I 156)

Nú fór vor Solveig til sólar
(Solveig Bogadóttir Thorarensen,
Ljm. I 167)

Verði þér vært þar í myrkri,
þú vaknar í ljósi
(Við gróf móðursystur minnar,
Ljm. I 170)

Í *Sálmi á fagnaðarhátíðinni 1817* er lagt út af ljósinu, því ljósi, sem var upphaf alls, og því ljósi, sem guð hefur tendrað með mönnum til þess að vísa þeim til rétts vegar. En *sólin* er einnig í nánnum tengslum við guðstrú Bjarna. Best kemur það fram í *Bænarversi*, þar sem andi guðs í líki helgidóms-sólar er beðinn að þíða burt helísinn. Loks má minna á *Vers*, þar sem sólin er ákölluð sem skuggi af ásjónu Krists og ris upp á hverjum morgni í minningu upprisú hans. Eins og fiðrildið flýgur til sólar eftir hamskiptin, þannig flýgur sálin

að varmageislum drottins fram
(Einsog hún Psyche, Ljm. I 185)

Birta og hlýja sólarinnar eru hér tákn guðdómsins.

Frábærir eiginleikar manna eru nefndir *ljós guðdómsins*, sem með þeim býr.

Hjartahreinn –
í huga duldust
guðdómsljós optla
glýju þó hulin
(Sæmundur Magnússon Hólm,
Ljm. I 102)

Glönsuðu gáfur
af guðdóms ljósi
(Þórður Björnsson,
Ljm. I 161)

Þinna hvarmljósa týrur tvennar
tindra af eldi guðdóms sízt
(Ljm. II 222)

En sálin kemur fram í sams konar mynd, eða helztu eiginleikar hennar:

Samt þér nóg ei er
augum holds að lýsa,
gneista frá gafst þér
guðdóms eldsins vísa

skepnu, þá skært sér
 skin í öndu rísa,
 hold sem fékk hýsa
 (Sálmur, Ljm. I 54)

Að baki mannlífsmyndum Bjarna Thorarensens býr fastmótuð lífsskoðun. Annar þáttur hennar hefur verið rakinn að nokkru hér að framan (bls. 36–37), þ.e. sú afstaða til jarðlífsins, sem gleggst kemur fram í vetrarmyndunum. En jafnframt var hann einlægur, efalaus rétttrúnaðarmaður, og þessi tvíþætta lífsskoðun hefur búið með honum í fullkomnu jafnvægi. Jarðlífið er erfitt og á að vera erfitt, því að það er undirbúningur annars lífs og betra. Það er minnkun að vera minni en dauður klettur, minnkun að fljóta sofandi að feigðarósi. Lífshugsjónin er viðnám og viðstaða, barátta gegn mótlætinu, þótt við ofurefli sé að etja. Hinir góðu eiginleikar manna, sem snúizt hafa í andhverfu sína fyrir óbærilega harma og mótlæti, rísa upp aftur hreinir fyrir augliti þess dómara, sem einn veit, „hvað sjálfrátt var eður eigi.“ Myndirnar bera þessari afstöðu glöggt vitni. Öndin er hneppt í fjötra, ham, hreysi líkamans, maðurinn er á hÉrvistardögum eins og jurtt, sem stendur gegn veðrum, líf hans er sem barátta við náttúruöfl eða viðnám gegn vopnum. Dauðinn er lausn frá öllu þessu eða kærkomin hvíld.

Ein fyrirferðarmikil mannlífsmynd stendur raunar utan þessarar skilgreiningar (undantekning *hríðardagur*, sbr. hér bls. 53), mynd *sólar* eða *ævisólar*. En þar er þess að gæta, að næstum allar þessar myndir koma fyrir í erfiljóðum eftir embættismenn, sem leiðbeina og lýsa umhverfi sínu. Þau kvæði fela ekki í sér djúpstæðar mannlýsingar, heldur eru þau öðru fremur virðingarvottur og e. t. v. áróðursdæmi fyrir ákveðinni tegund stjórnsýslu. Mynd þessi gæti verið sótt til Oehlschlägers; hliðstæðar myndir notar höfðinginn Hákon jarl um sitt ágæti (sbr. bls. 53 nm.).

Sennilega er mynd *mannsins i jurtarliki* einnig komin frá

Oehlenschläger í upphafi,¹ a. m. k. er hún sprottin beint upp úr jarðvegi vetrar- og náttúrumynda Bjarna. En Bjarni breytir þessum myndum talsvert samkvæmt eðli og lífsskoðun. Þær eru þegar í elztu gerðum tengdar framhaldslífi, flutningi jurtarinnar í betri jörð.

Aðrar endurteknar mannlífsmyndir eru sennilega frá Bjarna sjálfum komnar, en ekki geta þær talizt sérstaklega frumlegar eða framandi í kveðskap þess tíma að efni viði. Langflestar þeirra eru sóttar til náttúrunnar, dýralífs og jurta, veðurs, sólargangs, sjávar og vatnsfalla, kletta. Næststærsta flokkinn fylla þær myndir, sem sóttar eru til daglegs lífs, þar koma fyrir hús, svefn, beður, fat. Nokkrar eru fengnar frá störfum og athöfnum manna, svo sem róðrarmyndir, myndir dagleiðar, læknisjárns guðs, ljósmóðurmyndir. Til vopna og vopnaburðar eru nokkrar myndir sóttar, hljómmyndir eru fáeinar og persónugervingar. Til þess að þessi flokkun yrði tæmandi, hefði þurft að taka allar myndir Bjarna til yfirvegunar og skipa þeim niður á nýjan hátt, en slík athugun mundi leiða til lítils.

Hverfum nú aftur að lífsskoðun Bjarna, hugmyndum hans um dauða og framhaldslíf. Hugmyndir hans um annað líf hafa verið nokkuð á reiki. Oft segir hann sálina skiljast við líkamann þegar á dauðastund, en að baki nokkurra mynda virðist sú hugsun vera, að sálin hvílist með líkamanum til dómsdags (Ljm. I 135, 170). Kenningin um upprisu holdsins á efsta degi kemur beinlínis fram í tveimur erfiljóðum, eftir *Jón Jónsson* og *Stefán Þórarinsson*. Í hinu fyrra segir, að önd Jóns sé „frjáls / farin at hitta / ljóss ok lífs / lávarð helgan,“ en *hann*, þ. e. líkaminn, muni blunda á mararbotni, *unz* þau fá í sameiningu að hitta hinn forna bústað.

1 Auk þeirra mynda, sem fyrr eru greindar úr Hakon Jarl, má tilgreina þessar: han knejser vældigt, som en knudret Eg / blandt alt det andet Smaakrat (Hakon Jarl 52) og mange Stene, meget vildsomt Krat / først maatte gennembrydes, luges, ryddes, / før denne Gran var mægtig frem at skyde, / med Kraften, som Alfader skænkte den (Hakon Jarl 62).

Rík áherzla er lögð á andstæður þessa lífs og hins, sem við tekur. Ótalin er enn ein endurtekin mynd jarðlífsins, *lífsins vetur* (Ljm. I 61, II 247), en eftir þetta líf, sem er mjög oft táknað í mynd andviðris og kulda, kemur annað, sem er undantekningarlítið táknað í myndum birtu og hlýju.

Líkaminn er yfirleitt tengdur andstæðri mynd sálarinnar. Hann lykurlur um öndina, fjötrar hana við jörðu, þaðan sem hann er sjálfur kominn, og markar henni jarðneskan sjóndeildarhring. Öndin geymir neista guðdómsins í mönnum, en líkaminn heftir hana, hún logar jafnvel í hinum jarðnesku augum, en sér frá sér með jarðneskri sjón þeirra. Þegar hún losnar í dauðanum, bindur hana ekkert framur. Hvert sem hugurinn leitar, þangað er hún sjálf samstundis komin og getur á einu andartaki öðlalt dýpstu lífsvizku (Ljm. I 88, 177):

í vilja hrein,
viti algjörðu –
í sælu sér
sjálf hún stýrir

(Jón Jónsson, Ljm. I 51)

Myndum dauðans er tengd tilfinning lausnar, fullsælu, hvíldar, þar sem lífið er yfirleitt þjáning og strit. Mynd hans er alltaf miskunnsöm, friðsæl, hvílandi. Tákn hans er ekki ljárinn, heldur mjúkt svefngras.

IV Ýmsar myndir

1. Minning, orðstír

Bautasteinn

∴ Vorn eptir verða dag ∴
legsteinar vorir vörður Ísafjalla
(Fjallvega félags byrjanar kvæði,
Ljm. I 154)

Þ. e. vörður Ísafjalla munu geyma minningu vora. Um líkt leyti eru þessi ummæli skráð í tveimur bréfum til Finns Magnússonar:

margur mun lesa Verk þín þegar einginn veit leingur
af Legstad þínum (Bréf I 195, 1831)

og þú ert búinn að byggja þér þá Legsteina með Verk-
um þínum sem verða öllum kunnugir þegar einginn
veit neitt um Mótstandara þína (Bréf I 199, 1832)

Sr. Jón í Mödrufelli hefir ordt satt eptir hann, og með
því Qvæði einnig, því það er líka poetískt Meistara-
stykki, sett siálfum sér Monument (Bréf I 32, 1826)

Bautastein Bjarna þú reistir
og bautastein Jóni –
sjálfum þér settir þú varða,
er seint munu falla
(Sveinn Pálsson, Ljm. I 189)

Elzt dæmi er í bréfi frá 1826, næst í bréfköflum og kvæði
frá 1831–32 og loks í erfiljóði 1840.

Minningar himinn

fögur ætíð þrí-sól
fósturjarðar.

Ok hans minning [mun] æ
 á minningar himni
 ljóma sem fegurst
 leiðarstjarna
 Íslands ókomnu
 embættismanna

(Stefán Þórarinnsson, Ljm. I 125–6)

sem norðurljós fegursta norðrinu í
 nái hans ljóma vegsemd yfir ský
 og lengur en logafjöll standa

(Kvæði, Ljm. I 118)

ef þess svartnættis, einn af fám,
 ei væri hann stjarna á himni blám

(Ísleifur Einarsson, Ljm. I 172)

Eptir lifir mannorð mætt!
 mun í ljóma standa
 á sögu-himni Osmans ætt
 einsog vígabrandar

(Tyrkjaveldi, Ljm. I 187)¹

Í sambandi við þessa mynd má benda á aðra skylda:

skína smáblettir
 ok skína fagurt!
 Þat eru merkismenn
 til moldar hnignir,
 sem blikar af himni
 á buri sína (Nóttin, Ljm. I 83)

Saga horfir á smáblysin, en hún nærir og nærir á minningu seggja. Rannveigu, systur Bjarna, er bent að líta „á stjörnu hvolf“, þaðan sem maður hennar og faðir munu leiðbeina henni (Ljm. I 133).

¹ Som Stierner paa Udødeligheds Himmel (Corr. vj).

2. Tár

Aðeins má sjá merki þeirrar hugsunar, að *tár umbreytist* á himnum.

því tryggðatár
trúfastra maka
gjörast í guðs hendi
að glans-perlum
er um eilífð skína
á skrauti útvaldra

(Til Rannveigar, Ljm. I 130)

Telur tár þeirra
og tölu með réttu
þeim í sjóðinn safnar

(Til móður minnar, Ljm. I 146)

Myndhvörfin minna á mynd *Vorvísu*: „lifstárin, ástar úr sjóðinum stráð“.

Hvarmaregn

Þegar af hvörmum
hrynja skúrur
elsku vaktar
við ástvini missta

(Til Rannveigar, Ljm. I 130)

Í handriti er upphaflega í 1. vo. „hvarmhimni“, sem minnir á *augnmyndir*.

hvarmaregn hrynur af augum
(Der Eichwald brauset, Ljm. I 91)

Myndhvörfin eru hvorki í frumkvæði né fyrstu gerð þýðingar:

Das Auge von Weinen getrübet (Schiller 493)

augun af gráti uppþrung(in) (Ljm. II 100)

vottinn má sjá á þeirra grát!
 Af döggu slíkri á gröfum grær
 góðrar minningar rósinn skær
 (Guðrún Stephensen, Ljm. I 155)

sízt hana náum vér nálgast
 á náttbrautum harma –

— — —
 og sem daggdropar á blómstrum
 dagskóngi fagna
 eigum með öruggu skapi
 mót árgeislum horfa,
 á þeim Solveig frá sólu
 þú sendir oss kveðju
 (Solveig Bogadóttir Thorarensen,
 Ljm. I 167)

Dögginn er tár næturinnar, sem sólin þerrar, en um mynd-
 gildi sólarinnar er áður rætt.

Myndin er gagnhverf, tárur er líkt við regn eða dökk, og
 regn og dökk eru kennd til tára.

En niður þá falla úr lopti yfir láð
 lífstárin, ástar úr sjóðinum stráð
 (Vorvísa, Ljm. I 133)

vafir svo dimmr
 vindlaus mökkur
 og hagl-tárum
 hreytir í dali
 (Stefán Þórarinsson,
 Ljm. II 130)

Í fyrri gerð segir: „og dapri dökk / í dali hreytir.“

og hrynja lætur hvarmskúrar
 haglið úr mekki blám
 (Um Fljótshlíð, Ljm. I 142)

3. *Bólstur*

Myndarinnar verður fyrst vart í frumdrögum erfiljóðs eftir *Jón Jónsson*, næstsiðasta erindi:

síðar: sofa mjúklega / á sjávarbólstrum
á mjúkum sjábólstrum . . .
(Ljm. II 57)

Hnígur hann blómstra
bólstri viður (Hafgufan, Ljm. I 96)

Í frumkvæðinu er beitt annars konar myndhvörfum:

Han synker ned i de Blomsters Skiød (Corr. 172)

Í næstu mynd hagnýtir Bjarni sér merkingarlega tvídrægni orðsins *bólstur*:

Farðu þá, mín fagra!
fljótlega mér að bólstri
— — —
og snjóskýja-bólstrunum blunda svo á
(Sigrúnarljóð, Ljm. I 77)

Aðra mynd mætti hér tilgreina:

Frjáls þinn og auðugur andi
sér átti og nýtti
álfaslot hvörjum í hamri
og hægindi í skýjum
(Sveinn Pálsson, Ljm. I 189)

4. *Gata laga og réttar*

Sem röðulgeisli
réttlínis færi
sólu frá
til fylgihnatta,

eins rétt hann þræddi
réttinda götu

(Stefán Þórarinsson, Ljm. I 124)

Hér er embættismanninum líkt við geisla frá sól (réttlætis-
ins), ferill hans er beinn og ófrávíkjanlegur.

en lögum hlýðinn, landi trúr
lagafarvegi vék ei úr

(Ísleifur Einarsson, Ljm. I 172)

3. YFIRLIT

Í því, sem á undan er komið, hefur m. a. verið leitast við að rekja afstöðu Bjarna til yrkisefna sinna með athugun mynda hans. Ef vetrarmyndir eru undan skildar, þar sem segja má, að felist leit til nýs lífsskilnings, helzt grundvallar-afstaðan óbreytt. Í heimsmynd Bjarna hefur allt fastákveðinn sess, og myndirnar, einkum mannlífsmyndir, verða smám saman tjáningarháttur þeirrar heimsmyndar, bera hana í sér. Þessi viðleitni er mjög ríkjandi þáttur myndsköpunarinnar. Myndirnar eru yfirleitt margbrotnari í endurtekningu, a. m. k. fyrst í stað. Til að mynda eru hinar einföldu blómmyndir Hafnaráranna mjög auknar, er á líður. Jurtin á sér angan, tíma þroska og fölnunar, hún skýtur rótum í jarðneskri mold meðal annarra jurta og er flutt í himneskan grasgarð, þegar hennar tími er kominn, oft langhrjáð af lamstri jarðneskra veðra. Slíkar myndir verða oft margorðar og óþjálur í meðförum, en verða smám saman heimur út af fyrir sig og tengjast öðrum myndgerðum, sem hafa skylda hugsun að baki.

Athyglisvert er, hversu sjaldan óskyldum myndum er beitt saman í kvæðunum. Fyrst ber á slíku að marki í *Rannveigu Filippusdóttur*. Þar eru þrenns konar líkamslíkingar, ein þeirra endurtekin í ýmsum tilbrigðum, tvenns konar

augnmyndir og tvær – eða reyndar þrjár líkingar vanga og blóma. Síðarnefndar myndir eru allar útlíkingar, og þar er talsvert losnað um; augnmyndirnar eru af óskyldum gerðum, og mjög frjállega er farið með blómlíkingarnar. Líkamsmyndirnar eru afstöðulíkingar og allar bornar uppi af sömu hugsun, hver í samræmi við aðra, eins og reyndar hæfir heildarmynd kvæðisins, jafnvægi þess og lífsfyllingu.

En það er ekki fyrr en í síðustu erfiljóðunum, að óskyldum afstöðulíkingum er beitt hverri gegn annarri. Í *Sveini Pálssyni* er mótlætið tjáð í fjórum myndum, *hjør forlaga*, *boðar mótlætis*, *örvar örlaga* og í persónugervingu *harmannorna*. Með þessu móti er mótlætið dregið fram í skarpri andstæðu við þann heim, sem maðurinn skóp sér sjálfur þrátt fyrir allt. Hann er aftur á móti táknaður í fögrum, áður ókunnum myndum. Hinar andstæðu og þverstæðu myndir, sem bera uppi *Odd Hjaltalin*, eru ekki síður í samræmi við þá lífslýsingu, sem kvæðið geymir. Þar rís myndsköpun Bjarna hæst, enda hafði hann ekki áður færzt svo mikið í fang. Skal hér að lokum gerð grein fyrir myndbeitingu þess kvæðis, en aðeins stuttlega, því að Sigurður Guðmundsson hefur áður fjallað um það efni.¹

Þegar í upphafi er beitt saman tveimur alls óskyldum dæmisögulíkingum, afstöðulíkingum, í ævilýsingu mannsins. Sársaukamynd fyrsta erindis er ókunn úr fyrri kvæðum Bjarna. Sama hugsun kemur fram í bréfi frá 1818, og daufan óm hennar má greina í tveimur kvæðum. Hér er hún máluð allt að því öfgafullum dráttum. Það er örðugt að setja sig í spor annars manns og skynja harma hans og þungbærar raunir, en Bjarni leysir þennan vanda með því að bregða upp mynd afskaplegs líkamlegs sársauka, tilfinningar, sem allir geta skilið. Sú breyting er algeng í myndum mótlætis, að hugsunin er orðuð með sterkara og átakanlegra orðavali í síðari gerðum.

1 Samtíð og saga III 38–44.

Mynd mannsins í jurtarlíki er gömul í kvæðum Bjarna, en fyrri gerðir hennar eru mjög með einu móti. Körlum er þar líkt við trausta meiði, sem standa móti veðrum, konur eru viðkvæm og fíngerð blóm. Myndinni er hér talsvert breytt. Moldin er hituð *harmafuna*, vökvun hennar er *eldregn tára*, og jurtin verður – kynleg, það undrar engan. Mynd urtagarðsins er numin brott, þess sem við tekur að lokum.

Stoð beggja þessara mynda felst í upphafi 3. erindis:

Ámæli því enginn
Oddi Hjaltalín o. s. frv.

En jafnframt er allt kvæðið stoð þessara ofsafengnu mynda, útskýring þeirra og úrvinnsla, jafnframt því sem gripið er til annarra mynda, sem kynna enn nýjar hliðar hins margþætta mótlætis.

Það voru frostrósir
feigðar kulda,
harmahlátrar
og helblómstur

Líkingarnar tvær, *frostrósir feigðar kulda, helblómstur*, hafa ekki fyrr komið fyrir í kvæðum Bjarna, en náskyld er myndin í *Bænarversi*. Þessir „andyrdingar“ (*frost-rósir, harmahlátrar, hel-blómstur*) hefja nýjan þátt kvæðisins, í þeim eru lífsandstæður þess kynntar með nýjum og snilldarlegum hætti. Nánari lýsing þeirra tekur við í næstu erindum.

Í 4. erindi er mótlætið dregið skarpar fram með persónugervingu þess; fátæktin fylgdi honum, hvert sem hann fór, harmarnir biðu hans heima. Dæmi slíkrar persónugervingar má sjá í fyrri kvæðum. Upphafsorð erindisins, „allt frá æsku“, leiða hugann að jurtarmyndinni í öðru erindi. Uppvaxtarskilyrði jurtarinnar verða ekki aðeins ták andstreymis og íslenzkra veðra, heldur giftuleysis, fátæktar, harma, þjakandi strits.

Mynd *auðugrar sálar* hafði fyrr komið fram í *Sveini Pálsyni*, en hún kemur hvergi annars staðar fyrir en í þessum tveimur kvæðum, sem draga fram sambýli hennar við fá-tækt og erfiðar aðstæður. Mynd *þungra harma* má aðeins finna í tveimur gömlum kvæðum, en hér er sama hætti fylgt og í fyrsta erindi; harmarnir eru gerðir nærtækir lesanda með líkingu við líkamlegan sársauka. Vegna styrkleika þeirrar myndar verða myndirnar á eftir enn sársaukafyllri og átakanlegri, örvæntingarfull stundarlausn:

brauzt hún undan fargi
og bjó í skyndi
skrípi-tröll, skjaldmeyjar
og skóga hugmynda

Myndirnar hrannast hér upp og ná svipuðum áhrifum og myndir 3. erindis á eftir sterkum mótlætislíkingum upphafsins.

Persónugervingu harmanna er haldið í 6. erindi, og þar kemur fyrir myndin *hlátra heimur*, sem á sér hvergi hliðstæðu nema helzt í hinum tvískipta heimi *Sveins Pálssonar*.¹ Í *Sigríði Thorarensen* er talað um *rógheim* (sbr. *bölheimur*, *Sveinn Pálsson*), en andstæð mynd er *riki himna*. Hér felst andstæðumynd allra andstæðnanna í 8. erindi, eins og Sigurður Guðmundsson hefur bent á:

hún þar heim
hefir slíkan
að betri ei
sér byggja þarf

Í lokaerindinu tekur við ný mynd, sem er alls óskyld hinum fyrri, mynd *laxins*, sem leitar upp í strauminn. Slíkar myndir eru tíðar í fyrri kvæðum, en þessi er mjög aukin og

1 og hvörigs þeirra ríki varð af þessum heimi (Ljm. II 254).

breytt. Hugsunin að baki hefur ekki komið fyrir áður; nýjum þætti er aukið við heildarlýsingu kvæðisins.

Í kvæðinu kveður óvenju mikið að nýjum myndum, sem höfðu ekki komið fyrir áður. Í samanburði við eldri kvæðin er samverkan mynda hér ævintýri líkust og eldri hliðstæður mjög fáar. Að sönnu verður myndbeitingin í senn agaðri og frjálsari í síðari kvæðum, en þar er ráðandi stefna til einingar og innri samkvæmni mynda.

SUMMARY

Bjarni Thorarensen (1789—1841) was a pioneer of the romantic movement in Iceland and the first of a number of major poets who emerged in the 19th century. He was a lawyer by training and studied in Copenhagen in the years when Henrik Steffens was giving his famous lectures at the university there. As the recipient of a grant from the Arni Magnusson fund, beside his legal studies, Bjarni undertook work that included the transcription of the Eddic Poems, later to exercise a great influence on his own poetry together with the works of his favourite poet, Adam Oehlenschläger. On his return to Iceland he entered the public service, being appointed a judge of the high court, and later district governor (*amtmaður*) of the Northern and Eastern Districts.

Bjarni's poetic output was relatively small and limited in scope, partly owing to his official duties. At the beginning, patriotic and nature poems are chiefly in evidence; later, occasional verse predominates, especially obituary poems. There are also two periods, one about 1820 and the other in his advanced years, which are specially associated with love poetry.

What distinguishes Bjarni above all from his poetic predecessors and successors is his imagery, and attention has been drawn to the fact that a number of his images occur in several variations. The object of this study is to examine these recurrent images, their development, and the outlook on life implied by their nature. Owing to the limited range of poetic theme, these may be classified in three principal groups: images of woman, nature, and human life.

Images descriptive of woman are most frequent in the two periods previously mentioned; though they also occur in obituary verse. They can scarcely be regarded as original among the poetry of the age. The

chief examples are the comparison of woman with a flower and her eyes with stars. These images are generally elaborated in later versions. The flower-images develop according to a pattern characteristic in Bjarni's poetry. In the earliest the beauty of the flower is used as a simile for female beauty, while at a later stage other elements are combined with these: each has its time of growth, maturity, decline, and death; from this idea the images are evolved, moving a long way from the descriptive imagery of the love poems. These are dealt with in greater detail in the section on images from human life following.

Bjarni's *images from nature* still bear witness to the extent to which his use of descriptive imagery is unassimilated. His attitude towards nature is of an exceptionally personal character. He addresses the country, personifying it, especially in the guise of mother or nurse, and stresses the educative functions of nature and climate. Such images are simple in form and show little, if any, change. His images of winter, however, stand apart, although similar in kind. These occur in only two poems, though related examples may be found elsewhere. The first, *Suðurlönd og Norðurlönd*, begins with a parable of some Norse vikings who went raiding in the south, but found their manhood melting away like hoarfrost before the sun there. The difference between north and south is then discussed in the poem dispassionately, but the concluding words state that while our Norse manhood justifies us, southern luxury softens us to death. In the second poem, *Veturinn*, winter is described in majestic terms as an armed knight who carries a crest of the Northern Lights on his helmet. His world is the night; he comes from the springs of universal power, and strengthens the mighty on the earth. And in this poem Bjarni goes much further than ever before. Winter is the eternal lord and ruler of all life on earth. It is he who begets the vegetation of the earth — spring is only the midwife. Over the whole world King Winter towers at all times, by his presence touching with rime whatever is nearest to the heavens. Hence the eternal snows on the highest mountain peaks, and the hoary locks on the heads of the old. This poem has close affinities with certain works of Oehlenschläger, especially the play *Hakon Jarl hin Rige*. They are seen most clearly in the episode where Odin appears to King Olaf and draws a comparison between the nature and character of north and south. In his later works Oehlenschläger, like his German contemporaries, is increasingly drawn towards the gentle south, but in Bjarni's case this idea has a much stronger and more fruitful impact, appearing extensively, both

in his poetry and in his official actions. It is noteworthy, however, that after the composition of the second winter poem, there are no more nature poems. Furthermore, images from nature become rarer, until finally, about the year 1828, they disappear altogether. It is as though in this poem the poet was in some sense trying to summon up his own courage and reconcile himself to his hard Icelandic lot.

Some reference has been made above to Bjarni's view of life, i.e. the attitude towards life implied by his winter-imagery. At the same time, though, he was a sincere believer and managed to preserve in perfect equilibrium with this an orthodox outlook. It may be said that the cold, hard winter is the ruler of this earthly life with which the poems are concerned, but man's reward awaits him when all is over. The trials and tribulations of life are tolerable because they will bear fruit in Heaven.

Bjarni's *images from human life* bear implications of this outlook. Thus life on earth is compared with a hard day's journey, a battle against weapons, weather, or fierce natural forces; these are the Master's surgical knife, used to draw souls closer to him. The body is always symbolized in conjunction with the antithetical image of the soul, which is eternal and may expect a fairer dwelling-place; the body is its shell, its house, or its fetters. Man is like a grub in the cold earth; at death the shell is discarded and returns to the ground while the soul is released as the butterfly that flutters up to Heaven. The images of death are linked with the feeling of release, fulfilment, rest, while life is generally associated with toil and torment. Its image is always merciful, peaceful. Its token is not the scythe, but the herb of slumber.

Once an image has been presented for the first time, it undergoes various changes in later poems. One of the commonest of these is seen in the effort to supplement it by congruous, related images. For example, to take the flower-imagery mentioned above, in the love poems beautiful women are compared with flowers; here they are delicate flowers, while men are the tough trees that stand up to the harsh storms of the earth. The plant has its time of flowering; its time of fading and dying, when the heavenly gardener transplants it to a better soil. Of course, there are many variations on this theme in different poems, but the prevailing effort is towards making the flower image as complete a symbol of the life of man as possible. The evolution of the imagery is similar in another group: that of the sun as the simile of a great man, imparting benefits to others. The cycle of the sun is added; the sunset,

when it sinks in the sea of death and the land is darkened by the gloom of sorrow. In one poem the continued life of the sun is described in the endless day of another world.

Many of these images become extremely prolix and unmanageable in some later poems. For example, it was not until in his very last years that the poet managed to impose sufficient order upon his imagery to be able to use unrelated images in combination with each other in one and the same poem. This applies especially to the elegy on his friend *Oddur Hjaltalin*, and the present study ends with an examination of the imagery of this poem, the history of similar images in previous compositions, and their use on this occasion.

HEIMILDASKRÁ

- Áfangar II:* Sigurður Nordal, *Áfangar*. Annað bindi. Svipir. Reykjavík 1944.
- Axel og Valborg*, et Sörgespil. Oehlenschläger, Poetiske Skrifter, udgivne af H. Topsøe-Jensen, IV, København 1929.
- BGrönd:* Kvædi Landsyfírréttar Assessors Benedikts Gröndals. Utgefin og kostud af Sveinbirni Egilssyni. Kennara vid Bessastadaskóla. Videyjar Klaustri, 1833.
- Bréf I:* Bjarni Thorarensen, Bréf. Fyrra bindi. Jón Helgason bjó til prentunar. . . Safn Fræðafélagsins XIII. bindi. Kaupmannahöfn 1943.
- Cat:* Catullus Tibullus and Pervigilium Veneris (Loeb Classical Library). London–Cambridge 1950.
- Corr.:* Corregio. Tragedie af Adam Oehlenschläger. Kiøbenhavn 1811.
- Digte* af Adam Öhlensläger. Kiøbenhavn 1803.
- Hakon Jarl:* Adam Oehlenschläger: Hakon Jarl hin Rige . . . ved F. Rønning. København 1905.
- Illustreret Dansk Litteraturhistorie . . . Tredie Bind. Vilhelm Andersen, Det nittende Aarhundredes første Halvdel. Kiøbenhavn–Kristiania–London–Berlin 1924.
- Indledning til philosophiske Forelæsninger af Henrich Steffens. Kjøbenhavn 1803.
- Ísl. úrv.:* Íslenzk úrválsrit. Bjarni Thorarensen, Kvæði. Kristján Karlsson gaf út. Reykjavík 1954.
- Kvæði 1884:* Kvæði eptir Bjarna Thórarénsen. Gefin út af Hinu íslenzka bókmenntafjelagi. Kaupmannahöfn 1884. Vitnað er til formála Einars H. Kvarans.
- Ljm.:* Bjarni Thorarensen, Ljóðmæli. Jón Helgason bjó til prentunar. I–II. Kaupmannahöfn 1935.
- Norsk Litteraturhistorie, tredie Bind. Frederik Paasche, Norges Litteratur fra 1814 til 1850–Aarene. Oslo 1932.
- Oss.:* The Poems of Ossian, translated by James Macpherson, Esq. London 1860.
- W. Nowotny, The Language Poets Use. London 1962.
- Pers.:* Juvenal and Persius (Loeb Classical Library). London–Cambridge 1940.

- Poet. Skr.:* Adam Oehlenschlägers Poetiske Skrifter. I–II. Kjøbenhavn 1805.
- Samtið og saga.* Nokkrir háskólafyrirlestrar. III. Reykjavík 1946.
- Sappho:* The Poems of Sappho with Historical & Critical Notes, Translations, and a Bibliography by Edwin Marion Cox. London–New York 1925.
- Schiller,* Dramen und Gedichte. Herausgegeben von der deutschen Schillergesellschaft. Stuttgart 1959.
- Skand. Litt.:* Det skandinaviske Litteraturselskabs Skrifter, 3.2. Kjøbenhavn 1807.
- Steingrímur J. Þorsteinsson, Háskólafyrirlestrar, óprentaðir. Wellek & Warren, Theory of Literature. New York 1956.

STUDIA ISLANDICA

ÍSLENSK FRÆÐI

Útgefandi:
SIGURÐUR NORDAL

1. Einar Ól. Sveinsson: *Sagnaritun Oddaverja* (1937)
2. Ólafur Lárusson: *Ætt Egils Halldórssonar og Egils saga* (1937)
3. Björn Sigfússon: *Um Ljósvefninga sögu* (1937)
4. Sigurður Nordal: *Sturla Þórðarson og Grettis saga* (1938)
5. Björn Þórðarson: *Um dómstörf í Landsyferréttinum 1811—1832* (1939)
6. Halldór Halldórsson: *Um hluthvörf* (1939)
7. Sigurður Nordal: *Hrafnkatla* (1940)
8. Magnús Jónsson: *Guðmundar saga dýra* (1940)
9. Alexander Jóhannesson: *Menningarsamband Frakka og Íslendinga* (1944)
10. Stefán Einarsson: *Um kerfisbundnar hljóðbreytingar í íslensku* (1949)
11. Björn Þórðarson: *Alþingi og konungsvaldið* (1949)
12. Einar Arnórsson: *Játningar íslensku kirkjunnar* (1951)

STUDIA ISLANDICA

ÍSLENSK FRÆÐI

Útgefandi:
HEIMSPEKIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

Ritstjóri:
STEINGRÍMUR J. ÞORSTEINSSON

13. Einar Ól. Sveinsson: *Studies in the Manuscript Tradition of Njálssaga* (1953)
14. Sveinn Bergsveinsson: *Þróun ö-hljóða í íslenzku*
Peter Foote: *Notes on the Prepositions OF and UM(B) in Old Icelandic and Old Norwegian Prose* (1955)
15. Ari C. Bouman: *Observations on Syntax and Style of Some Icelandic Sagas with Special Reference to the Relation between Víga-Glúms Saga and Reykdæla Saga*
Pierre Naert: „*Med þessu minu optnu brefi*“ *eða framburðurinn ptn á samhljóðasambandinu pn í íslenzku* (1956)
16. Richard Beck: *Jón Þorláksson — Icelandic Translator of Pope and Milton* (1957)
17. Gabriel Turville-Petre: *Um Óðinsdýrkun á Íslandi*
Bjarni Aðalbjarnarson: *Bemerkninger om de eldste bispesagaer* (1958)
18. Árni Böðvarsson: *Nokkrar athuganir á rithætti þjóðsagnahandrita í safni Jóns Árnasonar*
Magnús Már Lárusson: *On the so-called “Armenian” Bishops*
Tryggvi J. Oleson: *A Note on Bishop Gottskálk's Children* (1960)
19. *Tvær ritgerðir um kveðskap Stephans G. Stephanssonar*
Óskar Ó. Halldórsson: *A ferð og flugi*
Sigurður V. Friðþjófsson: *Kolbeinslag* (1961)

STUDIA ISLANDICA

ÍSLENSK FRÆÐI

Útgefandi:

HEIMSPEKIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS OG
BÓKAÚTGÁFA MENNINGARSJÓÐS

Ritstjóri:

STEINGRÍMUR J. ÞORSTEINSSON

20. Peter Hallberg: *Snorri Sturluson och Egils saga Skallagrímssonar. Ett försök till språklig författarbestämning* (1962)
21. Ólafur Briem: *Vanir og Æsir* (1963)
22. Peter Hallberg: *Ólafur Þórðarson hvitaskáld, Knýtlinga saga och Laxdæla saga. Ett försök till språklig författarbestämning* (1963)
23. Björn Guðfinnsson: *Um íslenskan framburð. Mállýzkur II*
Ólafur M. Ólafsson og Óskar Ó. Halldórsson unnu úr gögnum höfundar og bjuggu til prentunar (1964)
24. Ólafur Halldórsson: *Helgafellsbækur fornar* (1966)
25. Anthony Faulkes: *Rauðúlfs þátr. A Study* (1966)
26. Helgi Guðmundsson: *Um Kjalnesinga sögu. Nokkrar athuganir* (1967)
27. Þorleifur Hauksson: *Endurteknar myndir i kveðskap Bjarna Thorarensens* (1968)

STUDIA ISLANDICA

ÍSLENZK FRÆÐI

Útgefandi:
HEIMSPEKIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

Ritstjóri:
Steingrímur J. Þorsteinsson

13. Einar Ól. Sveinsson: *Studies in the Manuscript Tradition of Njálssaga* (1953)
14. Sveinn Bergsveinsson: *Þróun ö-hljóða í íslenzku*
Peter Foote: *Notes on the Prepositions OF and UM(B) in Old Icelandic and Old Norwegian Prose* (1955)
15. Ari C. Bouman: *Observations on Syntax and Style of Some Icelandic Sagas with Special Reference to the Relation between Viga-Glúms Saga and Reykdæla Saga*
Pierre Naert: „Med þessu minnu optnu brefi“ eða framburðurinn ptn á samhljóðasambandinu pn í íslenzku (1956)
16. Richard Beck: *Jón Þorláksson — Icelandic Translator of Pope and Milton* (1957)
17. Gabriel Turville-Petre: *Um Óðinsdýrkun á Íslandi*
Bjarni Aðalbjarnarson: *Bemerkninger om de eldste bispesagaer* (1958)
18. Árni Böðvarsson: *Nokkrar athuganir á rithætti þjóðsagnahandrita í safni Jóns Árnasonar*
Magnús Már Lárusson: *On the so-called “Armenian” Bishops*
Tryggvi J. Oleson: *A Note on Bishop Gottskálk's Children* (1960)
19. *Tvær ritgerðir um kveðskap Stephans G. Stephanssonar*
Óskar Ó. Halldórsson: *Á ferð og flugi*
Sigurður V. Friðþjófsson: *Kolbeinslag* (1961)

89008527657



b89008527657a

169.00

STUDIA ISLANDICA

ÍSLENZK FRÆÐI

Útgefandi:

HEIMSPÉKIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS OG
BÓKAÚTGÁFA MENNINGARSJÓÐS

Ritstjóri:

Steingrímur J. Þorsteinsson

20. Peter Hallberg: *Snorri Sturluson och Egils saga Skallagrímssonar. Ett försök till språklig författarbestämning* (1962)
21. Ólafur Briem: *Vanir og Æsir* (1963)
22. Peter Hallberg: *Ólafur Þórðarson hvitaskáld, Knýtlinga saga och Laxdæla saga. Ett försök till språklig författarbestämning* (1963)
23. Björn Guðfinnsson: *Um íslenzkan framburð. Mállýzkur II*
Ólafur M. Ólafsson og Óskar Ó. Halldórsson unnu úr gögnum
höfundar og bjuggu til prentunar (1964)
24. Ólafur Halldórsson: *Helgafellsbækur fornar* (1966)
25. Anthony Faulkes: *Rauðúlfs þátr. A Study* (1966)
26. Helgi Guðmundsson: *Um Kjalnesinga sögu. Nokkrar athuganir*
(1967)
27. Þorleifur Hauksson: *Endurteknar myndir í kveðskap Bjarna
Thorarensens* (1968)

Digitized by

Google

Original from

UNIVERSITY OF WISCONSIN

89008527657



b89003527657 a